

Verður heimurinn betri?

Fróðleikur um þróunina
í heiminum



*Empowered lives.
Resilient nations.*

Verður heimurinn betri?

Þróunaráætlun Sp, UNDP í samstarfi við
Staffan Landin og Mikael Botnen Diamant

EFNISYFIRLIT

Formáli	7
Spurningaleikur	8
Fyrsti kafli: Ný viðmið	
Hvað er þróun?	13
Hvernig heldur þú að ástandið sé?	17
200 ár sem breyttu heiminum	21
Náðum við þúsaldarmarkmiðunum?	26
Annar kafli: Heimsmarkmið	
Heimsmarkmiðin um sjálfbæra þróun	32
Þriðji kafli: Ástandið í heiminum	
Fátækt	41
Hnatræn heilsa	46
Lýðræði	56
Jafnrétti	60
Neyðarástand og hamfarir	64
Sjálfbær þróun og loftslagsmál.....	71
Ójöfnuður.....	76
Fjórdi kafli: Framtíðin kallar á aðgerðir	
Sjálfbær framtíð.....	87
Meira um þróun í heiminum.....	94

Þessi bók er tekin saman að frumkvæði Þróunaráætlunar Sameinuðu þjóðanna, UNDP. UNDP vinnur að þróun lífskjara og starfar í um 170 löndum og svæðum. Við tengjum saman lönd með þekkingu, reynslu og fjármagn til að aðstoða fólk við að bæta líf sitt. UNDP samræmir einnig starf að heimsmarkmiðunum um sjálfbæra þróun.

Nánari upplýsingar má nálgast á slóðunum se.undp.org eða www.globalamalen.se.

Fyrsta útgáfa bókarinnar *Verður heimurinn betri?* kom út árið 2005. Þetta er sjöunda útgáfan og er hún uppfærð og endurskoðuð. Staffan Landin og Mikael Botnen Diamant eru höfundar bókarinnar í samstarfi við Norðurlandaskrifstofu UNDP.

Efni þessarar bókar er einnig að finna á Netinu: www.globalamalen.se/blirvarlden-bättre. Þar er einnig að finna námsefni með æfingum fyrir grunn- og framhaldsskóla, sem tekið er saman af áætlun Háskólaráðsins, Den Globala Skolan, í samstarfi við Norðurlandaskrifstofu UNDP.

Íslensk útgáfa bókarinnar *Verður heimurinn betri?* er í umsjón Félags Sameinuðu þjóðanna á Íslandi og nýtur útgáfan stuðnings Utanríkisráðneytisins.

VERÐUR HEIMURINN BETRI?

Höfundarréttur: Þróunaráætlun SP, UNDP

Texti: Staffan Landin, Mikael Botnen Diamant og Norðurlandaskrifstofa UNDP

Íslensk þýðing: Salvör Aradóttir

Útlit þessarar útgáfu: Malin Engman AB og PrettyZebra

Íslenskt umbrot: Bergþóra Jónsdóttir

Myndir: UN Photo, UNDP, Victor Brott, Akshaya Patra Foundation, UNICEF

Kápa: UNDP/Freya Morales

Prentun: Háskólaprentun

Upplag: 250 eintök. Nálgast má bókina í gegnum Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi, felag@un.is



Empowered lives.
Resilient nations.



Prentgripur
1041 0823

*Okkar kynslóð er sú
fyrsta sem getur útrýmt
fátækt og sú síðasta
sem getur spornað gegn
loftslagsbreytingum.*



Formáli:

Heimsmarkmiðin um sjálfbæra þróun eru sameiginleg markmið okkar allra

Í september 2015 samþykktu aðildarríki Sameinuðu þjóðanna metnaðarfyllstu áætlun um sjálfbæra þróun sem nokkurn tíma hefur komið fyrir augu heimsins, -heimsmarkmiðin 17.

Mótun heimsmarkmiðanna kostaði margra ára samninga og viðræður þar sem fólk frá öllum heiminum og með mismunandi bakgrunn gat látið að sér kveða. Markmiðin eru fyrir alla og eru til að ná fjórum stórkostlegum áföngum fyrir árið 2030: að útrýma örbirgð, draga úr ójöfnuði í heiminum, leysa loftslagsvandann og stuðla að friði og réttlæti. Heimsmarkmiðin ná til þriggja þátta sjálfbærrar þróunar: félagslegra, efnahagslegra og umhverfisþátta. Í því felst að við eigum ekki bara að stefna að efnahagslegri þróun heldur einnig félagslegri og umhverfislegri sjálfbærni. Það þýðir líka að þróunin verður að vera á réttlátum grunni þar sem enginn er skilinn útundan og að við göngum ekki meira á auðlindirnar en hnötturinn þolir.

Með hnatrænu og staðbundnu samstarfi milli ólíkra aðila samfélagsins þar sem allir vinna saman að sjálfbærri þróun, getum við skapað heim þar sem við lifum mannsæmandi lífi í sátt við vistkerfi jarðar. Okkar kynslóð er sú síðasta sem getur hindrað verstu afleiðingar loftslagsbreytinga og um leið sú fyrsta sem hefur bolmagn og þekkingu til að útrýma örbirgð. Með heimsmarkmiðum fyrir sjálfbæra þróun vísum við veg í átt að sjálfbærum og réttlátum heimi fyrir alla. Nú er það í okkar höndum, líka þínum, að stuðla að því að þetta verði raunveruleikinn.



*Achim Steiner,
yfirmaður Þróunaráætlunar
Sameinuðu þjóðanna, UNDP*

Spurningaleikur:

Hvað veist þú um heiminn?

1. Næstum því fjórir af hverjum tíu (38%) bjuggu við örbingð árið 1990, hvert er hlutfallið í dag?

- a) 10 prósent
- b) 30 prósent
- c) 50 prósent

2. Hver er meðalævilengd í heiminum?

- a) 52 ár
- b) 62 ár
- c) 72 ár

3. Í hvoru landinu er dánartíðni barna lægri?

- a) Víetnam eða Egyptalandi
- b) Tyrklandi eða Malasíu
- c) Svíþjóð eða Singapúr
- d) Hvíta-Rússlandi eða Bandaríkjunum

4. Jarðarbúar eru u.þ.b. 7,6 milljarðar. Hvað er búist við að við verðum mörg árið 2050?

- a) 8 milljarðar
- b) 10 milljarðar
- c) 12 milljarðar

5. Hvað er búist við að jarðarbúar verði margir árið 2100?

- a) 11 milljarðar
- b) 15 milljarðar
- c) 18 milljarðar

6. Í hvaða landi er hlutdeild kvenna á þjóðþinginu hæst?

- a) Svíþjóð
- b) Japan
- c) Rúanda

7) Þróunaraðstoð á heimsvísu nemur 143 milljörðum dala. Hversu miklu fé er varið til hernaðarmála?

- a) 70 milljörðum dala
- b) 700 milljörðum dala
- c) 1.700 milljörðum dala

8. Hversu stór hluti allra barna sem ganga í skóla eru stúlkur?

- a) 10 prósent
- b) 25 prósent
- c) 50 prósent

SVÖR:

- 1. Tíu prósent.** Undanfærin 25 ár hefur dregið gífurlega úr örðirgð - í dag er miðað við minna en 1,9 dali á dag.
- 2. Meðalævilengd í heiminum í dag er 72 ár.** Meðalævin hefur því lengst um 20 ár frá því að sjöunda áratugnum. Það er þó mikill munur á milli heimshluta. Á Norðurlöndum lifir fólk að meðaltali í 80 ár en í Afríku sunnan Sahara er meðalævilengd 59 ár.
- 3. Í Vietnam** (2,2%) er dánartíðni barna lægri en í **Egyptalandi** (2,4%) þó Egyptaland sé næstum tvisvar sínum ríkara. Í **Malasíu** (0,8%) er dánartíðni barna lægri en í **Tyrklandi** (1,4%). Í **Singapúr** (0,27%) er dánartíðni barna lægri en í **Svíþjóð** (0,3%). Í **Hvíta-Rússlandi** (0,4%) er dánartíðni barna lægri en í **Bandaríkjunum** (0,7%).
- 4.** Þú ert er víð að jarðarþúar verði u.þ.b. **10 milljarðar** árið 2050, sem er aukning um 2,4 milljarða á 33 árum.
- 5.** Á tímabilinu 2050 til 2100 er þó gert ráð fyrir að hægji á fólksfjölgun og árið 2100 er búist við að við verðum u.þ.b. **11 milljarðar** og íbúafjöldi muni svo standa í stað.
- 6.** Hlutdeild kvemna á þjóðþingnum er hæst í **Rúanda**, eða 64 prósent. **Svíþjóð** er í fjórða sæti með 43,6 prósent og **Japan** er í 164. sæti með aðeins 9,3%.
- 7.** Útgjöld til hernáðar á heimsvísu nema allt að **1.700 milljörðum dala** - 12 sinnum meira en varið er til þróunarsjóðar.
- 8. 50 prósent.** Í dag er helmingur allra skólabarna stúlkur.

Fyrsti kafli: Ný viðmið



Hópur kvenna og barna í flóttamanna-
búðunum Mbile í Kamerún leggur af
stað til að safna eldiviði á svæði sem
er í klukkutíma fjarlægð.





Hvað er þróun?

Hvernig er hægt að mæla þróun? **Hvernig vitum við hverjir búa við batnandi kjör og hvort kjör einhverra versna?** Og hvað er það sem þróast, eru það peningarnir í ríkiskassanum, verg þjóðarframleiðsla (VÞF) á íbúa eða eitthvað allt annað sem ákvarðar lífskjör okkar?

Til að geta svarað spurningunni um hvort „heimurinn verði betri“ verðum við byrja á því að skilgreina hvað það er sem á að batna og hvernig við mælum framfarir.

Vandinn er sá, að það er ekki til nein hlutlæg skilgreining á þróun sem á við allt fólk og öll lönd. Sumir álíta að hagvöxtur sé besti mælikvarðinn á þróun en aðrir telja að peningar geti þegar best lætur verið verkfæri til að öðlast það sem skiptir mestu máli í lífinu.

Vissulega eru til algildar grunnþarfir sem allir hafa, hvar sem þeir búa og hversu fjádir sem þeir eru. Allir þurfa á mat, vatni og húsnæði að halda. Ef við veikjumst þurfum við læknishjálp og kannski lyf. Við vitum að menntun skapar bæði börnum og fullorðnum aukin tækifæri í lífinu. Án vinnu og þökkalegra launa veitist líka erfitt að uppfylla grunnþarfirnar.

Peningar skipta miklu - en ekki öllu

Það leikur enginn vafi á því að efnahagur er mikilvægur hluti af hugtakinu þróun. Það er engin tilviljun að margir tala um „fátækt og ríkidæmi“ sem samheiti hugtaksins þróunar. Öllum er ljóst að það er erfitt fyrir mjög hátækt land að bæta lífsskilyrði íbúa sinna án hagvaxtar. Flestir eru sammála um að stærð sameiginlegu kökunnar skipti máli.

Rannsóknir benda einnig til þess að oft sé hagvöxtur nauðsynleg forsenda þróunar og í sumum tilvikum mikilvægasti þátturinn í því að bæta kjör fólks.¹

En það er ekki nóg að mæla efnahagslegar framfarir. Peningarnir sjálfir skapa ekki hamingju, velferð eða góða heilsu, heldur er það nýting þeirra til fjárfestinga og hvernig þeim er varið sem skilar árangri í bættum lífsskilyrðum.

¹ Breska þróunarmálaráðuneytið - Building jobs and prosperity in developing countries (Störf og velmegun í þróunarrikjum).

»Til að skilja þróunina og svara spurningunni um þróun ólíkra landa er nauðsynlegt að skoða fjölda mismunandi vísbendinga sem lúta að ólíkum þáttum mannlegs lífs.«

Stærð kökunnar tryggir heldur ekki að allir fái sinn skerf af vextinum.

Það er til dæmis ekki óalgengt að meðalævi sé styttri og barnadauði tíðari í ríkum löndum (þ.e. löndum þar sem VÞF er há á hvern íbúa) en í fátækari löndum. Á Kúbu og í Bosníu og Hersegóvínu er dánartíðni barna til dæmis lægri en í Bandaríkjunum, þótt VÞF í Bandaríkjunum sé þreföld á við Kúbu og meira en fimmföld miðað við Bosníu og Hersegóvínu. Á Srí Lanka er dánartíðni barna lægri en í Kúveit, þrátt fyrir að VÞF sé næstum tíu sinnum hærrí í Kúveit.² Það er vert að ítreka að það eru ekki alltaf peningar sem ráða úrslitum fyrir þróunina.

Hvað á þá að mæla til að skilja þróunina?

Ef ekki nægir að mæla efnahagslegar vísbendingar, hvað á þá að mæla? Svarið við því er einfalt: það á að mæla marga þætti, því fleiri því betra. Til að skilja þróunina og svara spurningunni um þróun ólíkra landa er nauðsynlegt að skoða fjölda mismunandi vísbendinga sem lúta að ólíkum þáttum mannlegs lífs.

Lönd forgangsraða ekki öll eins varðandi þróunarmál. Það er misjafnt hvernig fólk forgangsraðar þegar kemur að því hvað er

mikilvægt. Til að geta borið saman þróunarstig ólíkra landa verður fyrst að ákveða hvað talið er skipta mestu í lífinu, hverju við sækjumst eftir.

Margar metnaðarfullar tilraunir hafa verið gerðar til að finna sameiginlegt viðmið eða skilgreiningu sem gæti komið í stað VÞF sem mælikvarði á þróun. Sú sem mest er notuð er vísitala lífsskjarþróunar (e: Human Development Index, HDI) sem UNDP hefur þróað. Með þessari vísitölu er löndunum raðað eftir þremur þáttum samhliða: efnahag, heilbrigðismálum og menntun.

HDI er víðtækara viðmið en efnahagsþróun ein og sér, en þó tekur hún einungis til þriggja þátta mannlegs lífs. Það er margt sem strangir mælikvarðar og vísitölur ná ekki til. Þess vegna verðum við að geta mælt marga mismunandi þætti í einu.

² Child Mortality Estimates (Upplýsingar um dánartíðni barna): www.childmortality.org og Gapminder stofnunin: www.gapminder.org

Sjúkrapjálfi nuddar Naba Mohammed sem er sex mánaða gömul og á erfitt með að hreyfa fótleggi og fætur. Myndin er tekin hjá súdönsku félagi vegna barna með hreyfihömlun í El Fasher.



Seoul, Süður-Kóreu. Ljósmynd: UN Photo. / Kibae Park

Hvernig heldur þú að ástandið sé?

Hvað veistu í raun um þróunina í heiminum?

Er heimsmynd þín í samræmi við raunveruleikann? Í augum flestra Norðurlandabúa er heimsmyndin miklu dekkri en ástæða er til.

Allir gera sér einhverja mynd af því sem gerist annars staðar í heiminum, hvernig ástandið sé í Afríku eða Asíu og hvort það fari batnandi eða versnandi.

Þekking á heiminum er auðvitað upp og ofan. Sumir hafa ferðast um allan heim, aðrir hafa lesið ógrynni af bókum um þróun í Vestur-Afríku, margir hafa dvalið stóran hluta ævinnar annars staðar en á Íslandi og sumir leggja stund á þróunarmál í háskólum.

En hvort sem þú leitar þekkingar um önnur lönd eða átt fullt í fangi með að reyna að skilja hvað er að gerast í kringum þig, mætir þér stöðugur straumur heimsmynda úr fjölmörgum áttum.

Þú færð þær úr dagblöðum, sjónvarpsfréttum, á Facebook eða Twitter, úr upphaldskvikmyndunum þínum eða sjónvarpsþáttum, úr bókunum sem þú lest, frá fólki sem þú talar við, auglýsingum, söfnunaráttókum í sjónvarpi eða á götum borgarinnar.

Markmið þessara miðla er sjaldnast að veita þér ítarlega eða fullkomna heildarmynd af heiminum.

Í sjónvarpsfréttum er sagt frá stríðum, drepsóttum og náttúruhamförum en sjaldan er fjallað um langvarandi frið eða staði sem eru lausir við sjúkdóma eða hamfarir. Í kvikmyndum, bókum og sjónvarpsþáttum þarf að byggja upp spennu og hjálparsamtök þurfa að beina sjónum að vandamálunum sem þau eru að reyna að leysa. Það kemur til kasta okkar sjálfra að reyna að finna jafnvægi milli allra þessara heimsmynda, setja þær í rétt samhengi og mynda okkur eigin skoðun á ástandinu í heiminum. Það getur reynst furðu erfitt. Það er ekki síst erfitt ef maður hefur þegar gert sér fyrirfram gefna mynd af ástandinu í heiminum. Mynd sem að sínu leyti er sprottin af öðrum myndum sem maður er mataður á úr ýmsum áttum.



Heimurinn er betri en við höldum

Undanfarin 15 ár hafa verið gerðar margar rannsóknir á því hvernig við höldum að ástandið í heiminum sé.³ Á tímabilinu 2013–2015 gerði sænska stofnunin Gapminder til dæmis fjölda rannsókna á löndum á borð við Svíþjóð, Noreg, Þýskaland, Bretland og Bandaríkin. Allar þessar rannsóknir eiga sameiginlega þá niðurstöðu að við höldum að ástandið í heiminum sé verra en það er í raun og veru.

Sem dæmi má nefna að einungis milli fimm og tíu prósent aðspurðra í Þýskalandi, Bretlandi og Bandaríkjunum héldu að dregið hefði úr örbirgð í heiminum undanfarin 30 ár. Staðreyndin er sú að frá árinu 1990 hefur sár fátækt í heiminum minnkað um 75 prósent.

Heil 90 prósent aðspurðra héldu að innan við helmingur barna í heiminum væri bólusetur við mislingur (helmingurinn hélt það væru tvö af hverjum tíu) en í raun er staðan sú í dag að átta af hverjum tíu börnum eru bólusett. Einungis sjö prósentum þeirra sem spurðir voru í Bandaríkjunum var ljóst að meðalævilengd í heiminum er komin upp í 70 ár (72 ár í dag) og jafnfáir vissu að dánartíðni barna er komin undir fimm prósent.

Sömuleiðis höfðu flestir rangt fyrir sér um hlutdeild vindorku í orkunotkun, og að konur í flestum löndum heims eignast núorðið ekki nema tvö börn. 70–90% svara hverri spurningunni á fætur annari á þá leið að ástandið í heiminum sé verra en töluleg gögn sýna.⁴

Sama þversögnin heima

Sama tilhneiging, að einblína á vandamálin, er ekki óalgeng þegar kemur að þekkingu á heimaslóðum. Hraðari og linnulaus fréttaflutningur af glæpum, ofbeldi og morðum skapa auðveldlega ranga mynd af fjölgun glæpa og ótryggara lífi, þótt sú sé sjaldnast raunin.

Í Evrópu og Bandaríkjunum hefur þróunin almennt verið sú að æ færri verða fyrir glæpum, ofbeldi og ránum, en samt halda flestir að glæpum fari fjölgandi. Aukið upplýsingaflæði með samfélagsmiðlum, netinu og æ fleiri fréttaveitum sem keppast um athygli okkar um leið og þær keppast um að vera fyrstar og fljótastar, styrkir þessa tilhneigingu enn frekar.

Í Svíþjóð halda á milli 70 og 80 prósent íbúa að glæpum fari fjölgandi þrátt fyrir að fórnarlömbum glæpa fari stöðugt fækkandi.

³ M.a. Þróunarstofnun Svíþjóðar, SIDA, Þróunaráætlun SP, UNDP og Gapminder-stofnunin.

⁴ Gapminder, Ignorance Project. www.gapminder.org/ignorance/

⁵ BRÅ – Brottförbyggande rådets Nationella Trygghetsundersökning NTU 2015. (Rannsókn forvarnarnefndar vegna glæpa)

»Þar sem finna má dæmi um framfarir í öllum heimshlutum, á öllum sviðum og í alls konar löndum, hljótum við að geta lært af reynslu þeirra sem hafa náð árangri.«

Ofbeldi sem leiðir til dauða, morð og manndráp, hefur sennilega aldrei verið fátíðara en nú er.⁵

Hér er augljós hliðstæða við vanþekkingu á þróuninni í heiminum. Um leið og æ færri búa við örbirgð eða láta lífið vegna stríða og náttúruhamfara, fjölgar fréttum af einmitt þessu. Því óvanalegrí sem atburðurinn er, aukast líkurnar á að hann verði fréttæfni og öfugt. Því fleiri lýðræðislegar kosningar sem fara fram án átaka og svíka, því minni athygli vekja þær. Þróunin bætir heiminn en beinir um leið aukinni athygli að vandamálunum.

Skiptir þetta nokkru máli?

Gerir nokkuð til þótt við höldum að stærri hlutar heimsins búi við fátækt og hungur en raunin er? Já, af ýmsum ástæðum er mikilvægt að þekkja til framfara og ofmeta ekki vandamálin. Mestu skiptir að lýsingar á raunveruleikanum séu sannar þegar teknar eru ákvarðanir um framtíðina.

Stöðugt andstreymi er niðurdrepandi.

Ef við vitum ekki af umbótum sem eiga sér stað er auðvelt að taka þá afstöðu að það sé ekki hægt að draga úr hungri og fátækt, eða að breyta heiminum á annan hátt. Það leiðir til vonleysis - til hvers að reyna að breyta heiminum ef það virðist ekki hafa neitt að segja?

Ef við hins vegar vitum að í mörgum löndum Afríku sunnan Sahara hefur tekist að ná tökum á HIV-faraldrinum, er það til marks um að það sé líka

hægt í öðrum löndum - með rétttri stefnumörkun og aðstoð frá umheiminum. Þá fær það þýðingu að leggja eitthvað af mörkum til breytinganna.

Í Svíþjóð hefur á undanförnum árið komið upp ný tegund gagnrýni á þróunaraðstoð, gagnrýni sem byggist á þeirri hugmynd að sænsk stjórnvöld hafi „dælt peningum til Afríku“ og að „samt hafi ekkert breyst til batnaðar“. Ef þetta væri rétt ætti að sjálfsögðu að hætta aðstoðinni strax. En sannleikurinn er sá að ástandið hefur breyst mjög til batnaðar, líka í Afríku sunnan Sahara.

Við getum lært af framförum. Til að geta lært af löndunum þar sem stórstígar framfarir hafa orðið, verðum við að þekkja til framfaranna. Ef við þekkjum ekki allar staðreyndir er mikil hætt á að við drögum rangar ályktanir. Þar sem finna má dæmi um framfarir í öllum heimshlutum, á öllum sviðum og í alls konar löndum, hljótum við að geta lært af reynslu þeirra sem hafa náð árangri. Hvert land þarf ekki að finna upp hjólið upp á nýtt.

Ótti og óhóflegar áhyggjur skapa fordóma og hatur. Fordómar dafna í skjóli þekkingarleysis. Þegar ástandinu er lýst eins og við séum á barmi glötunar verða lausnirnar æ örvæntingarfyllri. Leitinn að sökudólgum getur auðveldlega dregið athyglina frá leitinni að varanlegum lausnum á raunverulegum vandamálum.



200 ár sem breyttu heiminum

Undanfarin 200 ár hafa orðið einstakar framfarir í sögu mannkynsins. **Og á síðustu áratugum hafa framfarirnar fyrir alvöru komist á skrið.** Svo virðist sem hraði þróunarinnar haldi áfram að aukast.

Stundum getur reynst erfitt að koma auga á þetta, í fréttafloði um stríð, sjúkdóma og hamfarir, en yfirleitt og fyrir flesta fer heimurinn batnandi. Það gleymist auðveldlega að fátækt, hungur og sjúkdómar voru lengi vel eðlilegt ástand fyrir flesta jarðarbúa. Í upphafi 19. aldar voru íbúar jarðarinnar tæplega einn milljarður. Meðalævin var stutt, milli 25 og 40 ár.

Í flestum löndum heims eignuðust konur að meðaltali fimm til sjö börn en þriðja hvert eða jafnvel annað hvert barn dó áður en það náði fimm ára aldri. Barnadauði var svo algengur að foreldrar gátu að meðaltali búist við að þurfa að bera þrjú barna sinna til grafar og í sumum löndum næstum því fimm.⁵

Lauslegt mat á vergri þjóðarframleiðslu í löndum heims bendir til að í öllum löndum hafi hún verið undir 3.000 dölumá íbúa í byrjun 19. aldar, á núvirði, en það er svipað og í Afríku sunnan Sahara í dag. Milli 85 og 95 prósent jarðarbúa bjó við lífskjör sem við í dag skilgreinum sem örbirgð.⁶

Í stuttu máli, heimurinn var fátækur og það hafði hann alltaf verið. Há dánartíðni barna kom lengi í veg fyrir að íbúum jarðar fjölgaði að nokkru marki. Í upphafi 19. aldar komst fjöldi jarðarbúa í fyrsta skipti yfir einn milljarð.

Það var svo á fjórða áratug síðustu aldar að öðrum milljarðinum var náð, en það tók ekki nema tólf ár að fara úr sex í sjö milljarða íbúa.

⁵) Gapminder-stofnunin: www.gapminder.org

⁶) www.ourworldindata.org

Um þetta leyti, í upphafi 19. aldar, fór heimurinn að taka breytingum. Hægfara í fyrstu og bara í fáeinum löndum. Iðnbyltingin, nýjar uppfinningar, vísindalegar uppgötvánir og gríðarleg aukning í velmegun í ákveðnum löndum var til marks um að nýir tímar væru að renna upp fyrir mannkynið.

Það varð þó bið á að framfarirnar kæmu meirihlutanum til góða. Það var ekki fyrir en í kjölfar seinni heimsstyrjaldarinnar, oft í tengslum við sjálfstæði nýlendþjóða, að breytingarnar fóru að segja til sín í löndum Asíu, Afríku og Rómönsku-Ameríku. Við lok seinni heimsstyrjaldar var það eiginlega bara í Vestur-Evrópu og Norður-Ameríku að meðalævilengd fór yfir 50 ár. Í dag á það við um næstum öll lönd.

Undanfarin 50 ár hefur mannkynið gengið í gegnum mestu breytingar sem orðið hafa hvað varðar heilsu og efnahag. Breytingarnar hafa ekki bara áhrif á flesta þætti mannlegs lífs, heldur einnig á umhverfi mannsins, aðrar tegundir og jörðina sem við byggjum.

Frá árinu 1960 hefur meðalævin lengst um 20 ár, dánartíðni barna lækkað úr 18 prósentum í undir fimm prósent og tekjur (á mann) hafa allt að því þrefaldast.

Þróunin hefur verið hröðust í Austur-Asíu, en í löndum eins og Singapúr, Tævan og

Suður-Kóreu var efnahagsþróun mjög hröð og seinna einnig í Kína. Í Rómönsku-Ameríku hefur þróunin verið hægari en þar hófst uppgangurinn hins vegar fyrir.

Afríka sunnan Sahara

Í flestum löndum Afríku sunnan Sahara fór efnahagsþróunin hægt af stað í kjölfar sjálfstæðis. Eftir þökkalegan hagvöxt á sjöunda áratugnum og í upphafi þess áttunda, hrapaði hagvöxtur á svæðinu tvo áratugi í röð. Árið 2000 var Afríka sunnan Sahara fátækari en í lok sjöunda áratugarins, meðalævilengd var 50 ár og hafði ekki aukist neitt í næstum tvo áratugi og dánartíðni barna var enn mjög há.

Hluta skýringanna er vafalaust að leita í innanlandsmálum. Nýlendutíminn skildi mörg lönd eftir í mjög slæmri stöðu, stofnanir og ríkisstjórnir voru veikar og lýðræðishefð af skornum skammti. Mörg lönd voru hrjád af langvarandi borgarastyrjöldum og hrottafengnum einræðisherrum. Í mörgum þessara landa hafði sjálfstæðið fengist með vopnaðri frelsisbaráttu og margir nýju leiðtoganna áttu rætur sínar í grimmilegum stríðsátökum. En skýringarnar er að nokkru leyti að finna í viðhorfi umheimsins. Kalda stríðið gerði mörg lítil lönd að þeðum í valdataffi stórvelda, það var sjaldnast til hagsbóta fyrir íbúa í löndum Afríku.

Þróun frá sjöunda áratugnum	1960	2015
Íbúar	3 milljarðar	7 milljarðar
Meðalævilengd	52 ár	72 ár
Fjöldi barna á hverja konu	5 börn	2,4 börn
Dánartíðni barna	18%	4,3%
Örbirgð ⁷	u.þ.b. 60%	u.þ.b. 11%

Heimild: Alþjóðabankinn, Gapminder-stofnunin

⁷ Miðað við 1,90 dali á dag.

»Ég leiði ekki oft hugann að þessu, en auðvitað hafa orðið stórkostlegar framfarir. Lífskjörin eru langtum betri í dag.«

SVÍÞJÓÐ VAR ÖÐRUVÍSI ÁÐUR

Vörur voru fluttar um borgina á hestvögnum þegar ég var lítill. Í miðri borginni Karlstad, á Skepparagötu, var áður hesthús. Heima hjá mér var eldað á viðarkyntri eldavél. Mamma, pabbi, fimm strákar og ein stelpa trúðust í lítilli íbúð, við þurftum að deila klósetti með nágrönnunum. Hér sit ég nú í hæginda-stól, er með stórt sjónvarp og bíllinn minn stendur fyrir utan. Ég leiði ekki oft hugann að þessu, en auðvitað hafa orðið stórkostlegar framfarir. Lífskjörin eru langtum betri í dag.

En ég er ekki viss um að allt sé betra í dag. Ég sakna félagsskaparins, fólk var meira saman áður. Þvílík samstaða sem var í húsinu þar sem ég ólst upp! Kaffiboð, spilakvöld og þess háttar. Í dag drífur fólk sig heim eftir vinnu og lokar að sér.

Vinnusemi barna hefur einnig tekið miklum breytingum. Í minni fjölskyldu áttum við engra kosta vöð. Pabbi var lamaður öðru megin og gat ekki séð fyrir okkur, svo við bræðurnir þurftum að vinna. Ég byrjaði sem sendill og lærlingur, sópaði Sundstabrúna og keyrði út kol, sem kynt var með, fyrir 80 aura á tímann. Ég veit ekki til að ég hafi haft illt af því að vinna - þvert á móti!

En auðvitað - ef pabbi hefði lifað á okkar tímum hefði hann kannski fengið önnur tækifæri. Í dag geta fatlaðir fengið vinnu og eru ekki útskúfaðir á sama hátt og þá var. Það er líka orðið betra.

Kjell Bäckström, 76 ára, Karlstad



Eldri borgarar tala saman í Jongmyo-garðinum í miðborg Seoul, Suður-Kóreu. Ljósmynd: UN

Fjöldi annarra þátta hamlaði einnig þróun í mörgum Afríkulöndum, skæðir sjúkdómar, mikil fjarlægð frá heimsmörkuðum, útbreidd fátækt sem frá upphafi hindraði þróun, skortur á æðri menntun og reynsluleysi á mörgum sviðum sem stórum hluta íbúanna var áður haldið frá. Það er mikilvægt að hafa í huga að þróun lands ræðst af mörgum þáttum og að ólíkir þættir hafa gegnt misstórum hlutverkum í 54 löndum Afríku.

Í sumum tilvikum var HIV/alnæmi stærsta hindrunin, í öðrum löndum voru það stríð, landfræðileg staða eða slæmir stjórnarhættir sem skiptu meira máli.

En svo fór eitthvað að gerast. Lýðræðið festist í sessi, stríðum og átökum fór fækkandi og pólitískar umbætur hafa breytt Afríku. Frá árinu 2000 hefur þróunin verið hröð í mörgum löndum Afríku, dánartíðni barna lækkar, ævilengd eykst og mörg þeirra landa þar sem hagvöxtur er mestur eru í Afríku. Margt bendir til að í Afríku sunnan Sahara sé nú einnig hafinn sá uppgangur sem hófst í öðrum heimshlutum áratugum fyrr.

Verum viðbúin áframhaldandi þróun

Eitt er víst, framtíðin verður gerólik því sem við eigum að venjast. Vissulega höfum við áður gengið í gegnum tímabil mikilla og

Dæmi um framfarir 2000– 2015	2000	2015
Dánartíðni barna í Afríku sunnan Sahara	16%	8,6%
Meðalævilengd í Afríku sunnan Sahara	50 ár	57 ár
Meðalævilengd í Rúanda	50 ár	65 ár
Dánartíðni barna í Níger	23%	9,5%
Dánartíðni barna í Malaví	17%	6,4%
Dánartíðni barna í Líberíu	17%	7%
Börn skráð í grunnskóla í Búrkína Fasó	70%	97%

Heimild: Gapminder, CME Info, Alþjóðabankinn

byltingarkenndra breytinga, en sennilega jafnast þau ekki á við þær viðtæku breytingar sem nú blasa við mannkyninu.

Að fara úr einum milljarði manna sem lifir í 35 ár í heim með sjö milljörðum íbúa sem lifa í 72 ár er stór breyting. Hærri tekjur og breyttur lífsstíll, meiri neysla og framleiðsla auka enn á umskiptin.

Aldrei áður í sögunni hafa orðið jafn miklar og róttækar breytingar á sama tíma, það umbyltir lífskilyrðum mannanna og samspili okkar og plánetunnar sem við byggjum.

Það eru óneitanlega margar góðar fréttir. Umbætur í menntun og heilbrigðismálum, nýjar uppgötvunar á lyfja- og tæknisviði og batnandi lífskjör hafa dregið úr þjáningum og dauða í meira mæli en við höfum áður séð.

Aldrei áður hafa lífslíkur barnanna sem fæðast verið betri, hvar sem þau fæðast. Aldrei áður hafa jafn mörg börn hafid skólagöngu og öðlast grunnmenntun. Læsi er algengara en nokkurn tíma áður og fyrir allan fjöldann er þekking aðgengilegri en nokkru sinni fyrir í sögu mannkynsins.

En breytt lífsskilyrði krefjast þess að við mætum þeim áskorunum sem þessi hraða þróun felur í sér. Að við ráðum við aukinn hraða án þess að eyðileggja eða skaða umhverfið sem við lifum í. Að við ráðum við að sjá til þess að framfarirnar komi öllum til góða og að við getum tekist á við nýjar áskoranir á vegferð okkar. Ef við gerum það ekki stefnum við framförunum sem þegar hafa orðið í hættu og í framhaldinu lífi mannkyns á jörðinni.

Þetta er kjarninn í hugtakinu sjálfbær þróun og megininntak þessarar bókar. Það sama gildir um nýju heimsmarkmiðin (sjá annan kafla bókarinnar: Heimsmarkmiðin) sem leiðtogar heimsins urðu sammála um árið 2015. Heimsmarkmiðin um sjálfbæra þróun eru 17 markmið sem koma í stað þúsaldarmarkmiðanna átta.⁸ Heimsmarkmiðin eru sameiginleg áætlun um þróun heimsins. Markmiðin eru niðurstöður samningaferlis með meiri þátttöku en nokkurn tíma áður á heimsvísu.

⁸⁾ Þúsaldarmarkmiðin voru átta markmið sem heimurinn var sammála um að leitast við að uppfylla fyrir 2015. Þú getur lesið nánar um þúsaldarmarkmiðin á blaðsíðu 26.

Náðum við þúsaldarmarkmiðunum?

Árangur eða ósigur? Vinnan að því að ná þúsaldarmarkmiðum hefur fengið misjafna dóma. **Mikill árangur hefur náðst hvað varðar næstum öll markmiðin**, meira að segja hafa framfarirnar orðið meiri en flestir bjuggust við, en fyrir mörg markmiðanna dugði **það ekki til**.

Upphafi 21. aldar komust leiðtogar heims að samkomulagi um átta mikilvæg markmið um þróun heimsins sem átti að uppfylla fram til ársins 2015. Nú getum við með nokkurri vissu sagt hvernig gekk.


Sum markmiðanna gekk betur að uppfylla en búist var við. Mestur árangur náðist í baráttunni gegn örbrigð. Markmiðið um að fækka um helming þeim sem búa við örbrigð náðist þegar árið 2010, fimm árum fyrr en til stóð. Markmiðinu um að jafn margar stúlkur og drengir skyldu hefja skólagöngu, og markmiðinu

um að fækka um helming þeim sem ekki hafa aðgang að hreinu drykkjarvatni er náð. Þar að auki hefur náðst árangur í baráttunni gegn HIV/alnæmi, malaríu og berklum.

Eina markmiðið þar sem ekki hefur orðið jákvæð þróun er markmiðið um sjálfbæra þróun. Varðandi sum umhverfismarkmiðin er staðan verri en hún var 1990. Það á t.d. við um losun koltvísýrings sem hefur aukist um meira en 50% frá árinu 1990, en einnig um fjölda tegunda í útrýmingarhættu.

»Sum markmiðanna gekk betur að uppfylla en búist var við. Mestur árangur náðist í baráttunni gegn örbrigð.«

Hverju skiluðu þúsaldarmarkmiðin?



SKÝRINGAR VIÐ MYNDRIT

Myndritið sýnir hversu mikið heimurinn allur nálgast markmiðin fyrir 2015. Fimm hlutar markmiðanna náðust á réttum tíma (grænt). Á mörgum sviðum náðum við meira en hálfa leið að markmiðinu (gult) og á sumum sviðum hafa framfarir ekki verið nægar (rautt).

- Í menntun sjáum við hversu margir hófu skólagöngu og hversu stór hluti lauk grunnskólanámi.
- Áttunda markmiðið, ábyrgð ríku landanna, hafði engin tímamörk og þess vegna er ekki hægt að meta hvort það náðist eða ekki.
- Jafnrétti birtist í fjölda stúlkna/drengja sem skráð voru í grunnskóla, hlutfall kvenna í atvinnu og hlutdeild kvenna á þjóðþingum heimsins.

Hraðari þróun á 21. öld

Fyrir mörg markmiðanna hefur hraði þróunarinnar aukist verulega eftir aldamótin. Fyrst og fremst hafa framfarir orðið umtalsvert meiri í löndunum í Afríku sunnan Sahara undanfarnar ár miðað við tíunda áratug síðustu aldar, og lokaárangur þúsaldarmarkmiðanna því orðið betri en spáð var í upphafi 21. aldar.

Ójöfn þróun

Þó þróunin varðandi næstum öll markmiðin hafi stefnt í rétta átt hefur hún ekki alls staðar verið eins. Hraði þróunarinnar er ólíkur milli landa og svæða, milli kynja og tekjustigs, milli borga og sveita.

Konur eru enn mikill meirihluti fátækra í heiminum, þeim er mismunad á vinnumarkaði, í atvinnulífi, á heimilum og í ákvarðanatöku. Tekjur kvenna eru 24 prósentum lægri en karla á heimsvísu, þær eru ekki nema fimmtíu hvern fulltrúi á þjóðþingum heims og bara ein af hverjum tveimur konum á vinnufærum aldri eru í launavinnu, miðað við þriðja af hverjum fjórum körlum.

Munurinn milli fátækra og ríkra, sem fer vaxandi víðast hvar, á einnig sinn þátt í að hamla þróuninni. Börn frá þeim 20% heimila sem eru fátækust eru í tvöfalt meiri hættu á að deyja ung miðað við börn frá ríkustu heimilunum. Þau eru í fjórum sinnum meiri hættu á að fá enga menntun og tvisvar sinnum meiri hættu á að líkamlegum þroska þeirra sé hamlað vegna næringarskorts. Fátækt og skortur á jafnrétti hindrar enn þróun á öllum sviðum sem þúsaldarmarkmiðin ná til.


»Börn frá þeim 20% heimila sem eru fátækust eru í tvöfalt meiri hættu á að deyja ung miðað við börn frá ríkustu heimilunum.«

1. Fátækt minnkaði um helming

Markmiðið um að minnka örbirgð um helming náðist þegar árið 2010 og hlutfall þeirra sem bjuggu við örbirgð lækkaði á öllum svæðum.

Þeim sem búa við örbirgð fækkaði úr 1,9 milljörðum árið 1990 í 840 milljónir samkvæmt skýrslu um þúsaldarmarkmiðin (2015).


Dregið úr örbirgð frá árinu 1990



2. Dregið úr örbirgð frá árinu 1990

Markmiðið um að öll börn skyldu ljúka grunnskólamenntun náðist ekki fyrir árið 2015. Þótt fleiri börn byrji nú í skóla, eru enn 57 milljónir barna sem ekki ganga í skóla. Hlutfall þeirra sem hefja grunnskólanám hefur hækkað úr 80 í 91 prósent og hlutfall þeirra sem ljúka grunnskólamenntun í lág- og millitekjulöndum hefur hækkað úr 70 í 84 prósent.

Börn sem ganga ekki í skóla (milljónir)




3. Fleiri stúlkur hefja skólagöngu

Markmiðið um að jafnmargar stúlkur og drengir gangi í skóla náðist á öllum menntastigum.

Í Suður-Asíu hefja nú nokkru fleiri stúlkur skólagöngu en drengir. Árið 1900 voru það 74 stúlkur fyrir hverja 100 drengi.

Þótt hlutfall kvenna hafi aukist á níu af hverjum tíu þjóðþingum heims er enn ekki nema fimmti hver þingmaður kona.


Konur vinna einungis 41 prósent allrar launavinnu og þær hafa lægri laun en karlar í öllum löndum heims.



4. Dánartíðni barna lækkaði um helming

Dánartíðni barna lækkaði á öllum svæðum og mest í Austur-Asíu (um 78%). Á fátækasta svæðinu, Afríku sunnan Sahara, lækkaði dánartíðni barna um helming, þó hún sé enn há. Þar deyja 9 prósent allra barna áður en þau ná fimm ára aldri.

1990: 12,7 milljónir barna á ári (35.000 á dag)




2015: 6 milljónir barna á ári (16.000 á dag)



5. Mæðradauði minnkaði um 45%

Markmiðið var að draga úr dánartíðni vegna þungunar eða barnsburðar um þrjá fjórðu. Þrátt fyrir miklar framfarir, einkum eftir árið 2000, náðist markmiðið ekki, þó tókst að draga úr mæðradauða um 45 prósent. Hlutfall fæðinga þar sem heilbrigðisstarfsfólk var til staðar hækkaði úr 60 í 70 prósent.


Mæðradauði (á hverjar 100.000 fæðingar)



6. Færri smitast af malaríu, HIV og berklum


Átak í baráttunni gegn algengustu smitsjúkdómum hefur fækkað þeim sem smitast og hefur bjargað milljónum mannlífa. Í dag fá 13,6 milljónir lyf sem stöðva framgang HIV/alnæmis. Dánartíðni vegna malaríu hefur lækkað um næstum því 60 prósent og um 45 prósent vegna berkla.

Fjöldi mannlífa sem hafa bjargast frá árinu 2000 (í milljónum)



7. Eina markmiðið þar sem afturför hefur orðið


Markmið 7, um sjálfbæra þróun, felur í sér fjölda hlutamarkmiða. Sum þeirra hafa náðst, eins og að fækka þeim um helming sem hafa ekki aðgang að hreinu vatni. Ekki hefur gengið jafn vel með önnur markmið, eins og að vernda fjölbreytni tegunda og að draga úr losun koltvísýrings. Í dag er losun koltvísýrings í heiminum yfir 50 prósent meiri en árið 1990.



8. Ábyrgð ríku landanna

Áttunda markmiðið fjallaði um ábyrgð ríku landanna, aukna þróunaraðstoð, betri viðskipti og að minnka skuldir fátækra landa. Ekki voru þó tilgreind nein mælanleg markmið og því er erfitt að meta hvort markmiðið hafi náðst. Þróunaraðstoð hefur aukist og er orðin skilvirkari og skuldir hafa verið afskrifaðar en á viðskipta-sviðinu hafa varla orðið neinar umtalsverðar framfarir í mörgum þróunarlöndum.

Heildarþróunaraðstoð á heimsvísu (milljarðar dala)



Getum við verið ánægð?

Þegar við lítum til baka á þróunina í heiminum á tímabilinu 1990–2015, ættum við þá að vera ánægð með það sem við sjáum, eða urðu þúsaldarmarkmiðin bara sönnun þess að við höfum ekki gert nóg? Svarið fer eftir því hvern við spyrjum, hvaða markmið við skoðum og hvar í heiminum við mælum.


Annars vegar hefur þróun lífsgæða fólks að ýmsu leyti verið hraðari og meiri en nokkru sinni fyrr. Á þessu tímabili hafa orðið framfarir í næstum öllum löndum, fátækt hefur minnkað um meira en helming, dregið hefur úr hungri og tekjur aukist.

Á hinn bóginn hefði trúlega verið hægt að ná enn meiri árangri, bjarga lífi fleiri barna, veita fleirum menntun og deila vaxandi auðæfum heimsins á jafnari hátt.

8 þúsaldarmarkmið verða 17 heimsmarkmið um sjálfbæra þróun

Þúsaldarmarkmiðin voru aldrei hugsuð sem loka-markmið. Löngu fyrir lokadagsetningu þúsaldarmarkmiðanna var hafist handa við að þróa frekari markmið eftir 2015. Heimsmarkmiðin (sem lesa má nánar um í næsta kafla), byggja á starfinu að þúsaldarmarkmiðinum. Sum markmiðanna sem ekki náðust fá nú aukið vægi. Í heimsmarkmiðinum, sem eiga að nást fyrir 2030, er lögð mun meiri áhersla á sjálfbæra þróun og ekki síst loftslagsbreytingar, sem er afdrifarikasta mál okkar tíma. Sameiginleg heimsmarkmið um þróun fram til ársins 2030 fela tvímælalaust í sér einhver stærstu umskipti mannkynssögunnar. Til að ná markmiðunum í tæka tíð er þörf á miklu stærra átaki til að tryggja þátttöku allra landa og heimshluta. Það er svo sannarlega metnaðarfullt. Ekkert markmiðanna er þó óraunhæft. Þvert á móti, þau eru alveg innan seilingar. Töluleg gögn um þróun síðustu áratuga hafa kennt okkur að hægt er að ná stórkostlegum árangri á stuttum tíma.

Stúlka lærir að lesa í skóla í þorpinu Qala-e-Haji Yahya á Herat-svæðinu í Afghanistan



Annar kafli: heimsmarkmiðin um sjálfbæra þróun

*Okkar kynslóð er sú fyrsta sem getur útrýmt
fátækt og sú síðasta sem getur spornað gegn
loftslagsbreytingum.*

Árið 2015 samþykktu leiðtogar heimsins metnaðarfullstu og stórfenglegustu framtíðaráætlun sem nokkurn tíma hefur komið fyrir augu heimsins.

Fram til ársins 2030 á að uppræta fátækt og hungur. Öll börn eiga að fá góða menntun, berjast á gegn óréttlæti milli karla og kvenna, fátækra og ríkra, borga og landsbyggðar, útrýma á HIV, malaríu og berklum í heiminum. Öll framleiðsla og neysla á að verða sjálfbær og umhverfisvæn.

Þúsaldarmarkmiðin voru fyrsta sameiginlega tilraunin til að gera hnattræna áætlun um þróun. Á tímabilinu 2000 til 2015 átti meðal annars að helminga fátækt, veita öllum börnum tækifæri til að ganga í skóla og draga úr dánartíðni barna um tvo þriðju miðað við árið 1990 (hægt er að sjá hvernig gekk á bls. 26-30). Þúsaldarmarkmiðin áttu ekki að vera lokamarkmið. Umræður

um framhald þúsaldarmarkmiðanna tóku mörg ár áður en niðurstaðan var endanlega samþykkt í september 2015.

Heimsmarkmiðin um sjálfbæra þróun eru enn víðtækari og metnaðarfullri en þúsaldarmarkmiðin voru. Áætlunin felur í sér 17 markmið og 169 undirmarkmið sem eiga að nást fyrir árið 2030. Þar er meiri áhersla lögð á hugtakið sjálfbæra þróun og markmiðið er að uppræta fátækt í öllum myndum og að bæta lífskjör fyrir alla íbúa jarðarinnar. Enginn verður skilinn útundan.

Að samningaferlinu vegna heimsmarkmiðanna komu fleiri en vegna þúsaldarmarkmiðanna eða nokkru öðru alþjóðlegu samkomulagi. Samráðsfundir, áköll úr öllum heimshlutum og víðtækar umræður áttu sér stað fyrir opnum tjöldum á meðan á ferlinu stóð. Aldrei áður hafa svo margir tekið þátt í alþjóðlegu ákvarðanaferli.



Leiðtogar heimsins hafa skuldbundið sig til að vinna að 17 heimsmarkmiðum til uppfylla fjögur stórfengleg markmið fyrir árið 2030.

Að útrýma örbirgð. Að draga úr ójöfnuði í heiminum. Að leysa loftslagsvandann. Að stuðla að friði og réttlæti. Með heimsmarkmiðunum um sjálfbæra þróun getur það tekist. Í öllum löndum. Fyrir alla.

Engin markmið fjarlægð

Öll þau svið sem þúsaldarmarkmiðin náðu til eru enn í gildi. Markmið sem hafa náðst, eins og að helminga fátækt og helminga hlutfall þeirra sem skortir hreint neysluvatn eru enn í gildi og markmiðið er að framfarirnar nái til allra íbúa jarðarinnar árið 2030. Á sviðum þar sem árangur hefur náðst en markmiðin ekki náðst að fullu, hafa verið sett enn metnaðarfullri markmið. Að vísu voru þrjú markmið um heilbrigðismál sameinuð í eitt, en inntak þúsaldarmarkmiðanna er enn á sínum stað.

Aukin áhersla á umhverfismál og sjálfbærni

Vistvæn sjálfbær þróun er það svið sem minnstur árangur hefur náðst á. Það er einkum varðandi hlýnun jarðar sem ákvarðanataka á heimsvísu hefur brugðist. Á sama tíma og framfarir hafa orðið á félags- og efnahagssviði í flestum löndum og fyrir flest fólk, hafa aðgerðir gegn loftslagsbreytingum verið fjarri því að nægja til að draga úr losun í heiminum. Margir hafa einnig haldið því fram að umhverfismál hafi ekki vegið nógu þungt í þúsaldarmarkmiðunum. Í heimsmark-



miðunum er því öðruvísi farið. Sex af sautján markmiðum tengjast sjálfbærri þróun beint og eru mun ítarlegri en áður. Nú er sérstakt markmið um loftslagsbreytingar, eitt fyrir sjálfbærar borgir, eitt fyrir sjálfbær vistkerfi á landi og eitt fyrir lífkerfi hafsins og að auki sérstakt markmið sem snýr að sjálfbærri neyslu.

Aukin áhersla á misskiptingu

Í almennri umræðu um hnattræna þróun hefur lítið verið fjallað um misskiptingu sem hindrun í vegi þróunar, orsök fátæktar og annarra vandamála, og sem sjálfstætt vandamál. Nú er aukinn jöfnuður, jafnt innanlands sem milli landa, í fyrsta sinn gerður að opinberu markmiði.

Aukin áhersla á orsakir fátæktar

Heimsmarkmiðin fela í sér, auk heildarsýnar um hversu langt við ætlum að ná fyrir árið 2030, skýr markmið þar sem bent er á hvernig á að ná þeim. Eða öllu heldur, markmið sem beinast að því að sigrast á hindrunum í vegi þróunar.

Þau snúast um mannsæmandi starfskjör og hagvöxt, fjárfestingar í nauðsynlegum innviðum en einnig ójöfnuð. Þetta er sömuleiðis nýnæmi. Áður var lítið á mörg þessara sviða sem tæki er nota mætti til að ná markmiðunum.

Friður, stöðugleiki og réttlæti

Friður, stöðugleiki, mannréttindi og stjórnvöld sem byggja á traustu réttarkerfi eru undirstöður sjálfbærrar þróunar. Vopnuð átök og óöryggi spilla fyrir þróun landa. Það hefur áhrif á efnahagsþróun og leiðir oft af sér skæru sem geta varað kynslóðum saman. Kynferðislegt ofbeldi og aðrir glæpir, misnotkun og pyndingar eru

einnig landlæg á svæðum þar sem átök og lögleysa ráða ríkjum. Löndin verða að bregðast hart við til að rjúfa slíka vítahringi og koma þeim til varnar sem minnst mega sín.

Æ fleiri fræðimenn á sviði hnattrænnar þróunar beina nú sjónum að mikilvægi öflugra og skilvirkra stofnana fyrir þróunarmál sem nauðsynlegri forsendu þróunar. Það er ekki auðvelt að mæla eða krefjast umbóta í þessum efnum. En engu að síður skiptir þetta miklu fyrir öra þróun.

Í markmiði 16 er reynt að ná utan um þetta með hlutamarkmiðum sem meðal annars snerta aðgerðir til að hindra átök, styrkja stofnanir, mannréttindi og spillingu.

Útrýming fátæktar

Síðustu áratuginu hefur fátækt minnkað hraðar en við höfum áður séð. Það leikur enginn vafi á að það væri hægt að uppræta örbirgð að fullu fyrir árið 2030. Sumir telja að þetta sé markmiðið sem auðveldast verði að ná, en mikilvægi þess að uppræta örbirgð verður ekki ofmetið.

Það er erfitt að finna sanngjarna aðferð til að mæla fátækt vegna lágra tekna. Þess vegna er tekið mið af mörgum mismunandi vísbendingum í heimsmarkmiðunum og hvað tölurnar varðar er óvissan umtalsverð. En það breytir því ekki að sjálft markmiðið, það sem tölfræðin reynir að ná utan um, ræður miklu um mörg hinna markmiðanna og skilur þar ósjaldan milli lífs og dauða.

Verður heimurinn betri árið 2030?

Heimsmarkmið um sjálfbæra þróun, og reynsla af þróun síðustu 200 ára, benda óneitanlega til

Þess að árið 2030 verði heimurinn sem við búum í á margan hátt betri en í dag.

En það gerist ekki sjálfkrafa og það krefst fjölda stórra og mikilvægra pólitískra ákvarðana, einkum á þeim sviðum þar sem framfarir hafa verið hvað minnstar fram að þessu.

Það sem sætir hvað mestum tíðindum um heimsmarkmiðin um sjálfbæra þróun er að þau eru talsvert algildari en þúsaldarmarkmiðin voru, en þau beindust fyrst og fremst að umbótum í þeim löndum sem við köllum „þróunarlönd“.

Heimsmarkmiðin eiga að nást í öllum löndum og fyrir allt fólk. Við berum sameiginlega ábyrgð á að öll markmiðin náist í öllum löndum heims. Það krefst aðgerða frá öllum stigum samfélagsins.

TÍMAMÓTAÁÆTLUN UM SJÁLFBÆRA ÞRÓUN

Á hverju ári mælir UNDP þróunina í heiminum, og á margan hátt er staðan miklu betri en fólk yfirleitt heldur. Til skemmri tíma litið munu ávallt koma upp náttúruhamfarir, átök og annað sem veldur afturkippum í þróun landa. En ef við skoðum heildarmyndina og lítum á þróunina í heiminum út frá langtímasjónarmiði, sjáum við að hún hefur aldrei verið jafn hröð eða náð til jafn margra og undanfarin 20 ár. Það er líka ánægjulegt að það er í þróunarlöndunum sem þróunin er hröðust. Talið er að eftir 15 ár geti Afríka séð íbúum sínum fyrir nægilegum matvælum. Meðalævi hefur lengst, til dæmis í Eþíópíu og Kambódíu en þar lifir fólk hvorki meira né minna 15 til 17 árum lengur en 1990. Tölur um ólæsi segja okkur að níu af hverjum tíu börnum ganga í skóla, fimm af hverjum sex fullorðnum eru læsir í dag, en árið 1990 voru þrjár af hverjum fjórum fullorðnum læsir. Vegna ódýrari og betri lyfja lifa miklu fleiri af sjúkdóma eins og malaríu og HIV/alnæmi. Þetta er algerlega byltingarkennd þróun, og margt gott sem ber að fagna.

Nú þarf að setja markið hærra. Við getum í raun og veru farið að sjá fyrir endann á örbirgð, og við höfum tækifæri til að koma í veg fyrir hættulegustu afleiðingar loftlagsbreytinga, ef við tökum höndum saman. Þess vegna eru heimsmarkmiðin um sjálfbæra þróun svo mikilvæg. Með þau að leiðarljósi gerum við nýja tilraun, setjum okkur ný markmið að vinna að fram til ársins 2030. Í samstarfi við þá sem taka ákvarðanir, atvinnulífið og almenningssamtök, mun UNDP vinna að því að ná jafnmiklum árangri með heimsmarkmiðin og náðist með þúsaldarmarkmiðin. Auðvitað megum við ekki vanmeta erfiðleikana. Áætlunin er gríðarlega metnaðarfull og hún mun mæta mörgum hindrunum á leið sinni. En með þessari áætlun gefst okkur í fyrsta skipti tækifæri til að skapa sjálfbæra þróun fyrir alla.

*Camilla Brückner,
framkvæmdastjóri Norðurlandaskrifstofu
þróunaráætlunar Sameinuðu þjóðanna, UNDP.*



Útrýma hvers konar fátækt alls staðar.



Útrýma hungri, tryggja fæðuöryggi og bæta næringu og stuðla að sjálfbærum landbúnaði.



Stuðla að heilbrigðu líferni og vellíðan fyrir alla frá vöggu til grafar.



Tryggja jafnan aðgang allra að góðri menntun og stuðla að tækifærum allra til náms alla ævi.



Jafnrétti kynjanna verði tryggt og völd allra kvenna og stúlkna efið.



Tryggja sjálfbæra nýtingu og aðgengi allra að vatni og hreinlætisaðstöðu.



Tryggja öllum aðgang að öruggri og sjálfbærri orku á viðráðanlegu verði.



Stuðla að viðvarandi sjálfbærum hagvexti og arðbærum og mannsæmandi atvinnutækifærum fyrir alla.



Byggja upp viðnámsbolna innviði fyrir alla, stuðla að sjálfbærri iðnvæðingu og hlúa að nýsköpun



Draga úr ójöfnuði innan og á milli landa.



Gera borgir og búsetusvæði öllum auðnotuð, örugg, viðnámsbolin og sjálfbær.



Sjálfbær neyslu- og framleiðslumynstur verði tryggt.



Gripa til bráðra viðbragða gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra.



Vernda og nýta hafið og auðlindir þess á sjálfbæran hátt í því skyni að stuðla að sjálfbærri þróun.



Vernda, endurheimta og stuðla að sjálfbærri nýtingu vistkerfa á landi, sjálfbærri nýtingu skóga, berjast gegn eyðimerkurmyndun, stöðva jarðvegseyðingu



Stuðla að friðsælum og sjálfbærum samfélögum fyrir alla menn, tryggja öllum jafnan aðgang að réttarkerfi og byggja upp skilvirkar og ábyrgar stofnanir fyrir alla á öllum sviðum.



Styrkja framkvæmd og blása lífi í alþjóðlegt samstarf um sjálfbæra þróun.





Priðji kafli: Ástandið í heiminum



Fátækt fer minnkandi

Ástandið í dag	<ul style="list-style-type: none">• U.þ.b. 700 milljónir manna búa við örbirgð.• Það eru 10 prósent jarðarbúa.
Hvert stefnir? ↓	<ul style="list-style-type: none">• Lækkar alls staðar í heiminum. Á tímabilinu 1990 til 2015 dró úr örbirgð um þrjá fjórðu.• Á tímabilinu 2005 til 2015 dró úr örbirgð um helming.

Þeim sem búa við örbirgð hefur fækkað um meira en milljarð undanfarin 15 ár, á sama tíma hefur jarðarbúum fjölgað um tvo milljarða. Þó bjuggu fleiri en 700 milljónir enn við örbirgð árið 2015.⁹

Fátækt er ein höfuðorsök margra vandamála heimsins. Fátækt fólk er í meiri hættu á að deyja ungt og verða fórnarlömb sjúkdóma og stríða. Það verður verst úti í náttúruhamförum, efnahagskreppum, vegna hækkandi heimsmarkaðsverðs og annarra utanaðkomandi erfiðleika.

Hægt er að skilgreina og mæla fátækt á mismunandi hátt. Algeng matsaðferð er að áætla hve stór hluti íbúanna hefur lægri tekjur en tiltekna upphæð á dag, það eru skilgreind fátæktarmörk. Það er ekki sjálfgefið hvar draga á mörkin milli fátækta og ekki-fátækta.

Það, hvar mörkin eru sett, ræður því hvort það sem við skilgreinum sem „fátækt“ eykst eða minnkar.

Mælistika fyrir „örbirgð“ í heiminum hefur verið sett við 1,9 dali á dag.¹⁰ Viðmiðið er breytilegt eftir kaupmætti (vöruverð í ólíkum löndum svo viðmiðið sé sem sanngjarnast) og eftir verðbólgu.

Það er þetta viðmið sem oftast er notað til að mæla hvort fátækt í heiminum eykst eða minnkar. Þúsaldarmarkmiðunum var ætlað að fækka um helming þeim sem lifa undir fátæktarmörkum á árunum 1990 til 2015. Þetta markmið náðist fimm árum áður en tímamörkum var náð. Áætlað er að dregið hafi úr fátækt um allt að því 75 prósent¹¹ á þessum 25 árum, í sögulegu samhengi eru það einstakar framfarir.

Mismiklar framfarir

Þó dregið hafi úr fátækt í öllum heimshlutum hefur þróunin verið mishröð. Hraðast hefur dregið úr fátækt í löndum þar sem hagvöxtur

⁹ Mat Alþjóðabankans.

¹⁰ Áður 1,25 dalir á dag. Til að aðlaga viðmiðið betur að raunveruleikanum var því breytt í lok árs 2015.

¹¹ Alþjóðabankinn: Framvinduskýrsla 2015 (*World Monitoring Report 2015*).

Afríka sunnan Sahara



Austur-Asía



Suður-Asía



= 100 milj. jarðarbúa



= í örbirgð



= ekki í örbirgð

er mikill. Í Kína tókst næstum að útrýma örbirgð, en hún var mjög mikil í upphafi 10. áratugarins (sjá myndrit).

Í Afríku sunnan Sahara fór þeim sem búa við örbirgð hins vegar ekki að fækka fyrr en á 21. öldinni. Enn er áætlað að fjórir af hverjum 10 á þessu svæði búi við örbirgð.

Íbúafjöldi í Afríku sunnan Sahara hefur allt að því tvöfaldast frá árinu 1990. Það þýðir að þótt hlutfall fátækra lækki lítillega, fjölgar í raun fátæku fólki. Alþjóðabankinn áætlar nú að í Afríku búi 190 milljónir við örbirgð.

Á tímabilinu 1990 til 2015 fækkaði þó


fátækum um næstum einn milljarð á heimsvísu. Á sama tíma fjölgaði jarðarbúum um tvo milljarða.

Fleiri mæliaðferðir

Það er ekki til nein endanleg skilgreining á fátækt. Hana má mæla á mismunandi hátt. Ef fátæktarmörk væru hækkuð í t.d. fjóra dali á dag (það er það sem Sameinuðu þjóðirnar kalla miðstétt) myndu 65 prósent allra jarðarbúa lenda undir fátæktarmörkum. Í Suður-Asíu og í Afríku eru yfir 90 prósent íbúa með lægri tekjur en 4 dali á dag.

En fátækt snýst ekki bara um tekjur.

Að útrýma örbirgð er innan seilingar



Próunaráætlun Sameinuðu þjóðanna, UNDP, hefur þróað samsett viðmið sem byggist á breiðari skilgreiningu á fátækt þar sem einnig er litið til aðgengis að matvælum og vatni, heilsugæslu og almennra lífsskjara.¹² Samkvæmt þessu samsetta viðmiði lifa 2,2 milljarðar undir eða nálægt fátæktarmörkum.

Flest lönd hafa einnig eigin viðmið um fátæktarmörk, það sem kallað er „national poverty lines“. Þau henta oft betur til að mæla fátækt í einstökum löndum.

Útrýmum hvers konar fátækt fyrir 2030

Þessi hraða þróun, einkum frá aldamótum, sýnir að það er hægt að uppræta örbirgð með öllu fyrir árið 2030. Það er einnig yfirlýst markmið allra heimsins landa (sjá nánar um heimsmarkmiðin í öðrum kafla).

¹² Hægt er að lesa nánar um samsetta fátæktarvísitölu UNDP (Multidimensional Poverty Index, MPI) á heimasíðu Human Development Reports: hdr.undp.org



»Ég á mér draum um að börnin mín klári skólann og taki háskólapróf svo þau geti séð fjölskyldum sínum farborða, betur en ég gat.«

AÐ BÚA VIÐ FÁTÆKT


Ég heiti Cherry, ég er kristin og er frá Karen-fylki í Búrma. Ég lifi einföldu lífi með manninum mínum, dætrum okkar tveimur og barni bróður míns. Foreldrar mínir búa í nágrenninu, í næsta húsi. Ég starfa sem barnfóstra fyrir útlendinga, það hef ég gert í næstum 20 ár. Ég er mjög ánægð með vinnuna mína því hennar vegna get ég séð fyrir fjölskyldu minni. Nú bý ég í Yangon, en þar eru sumir fátækir en aðrir ríkir. Hér eru margar kirkjur, þar getum við hitt og spjallað við annað fólk sem býr hér. Við búum í litlu húsi, úr steypu og timbri. Tvö litil herbergi, lítið eldhús og klósett úti í garði. Það rignir oft í Búrma en það eru sjaldan flóð hér á okkar svæði, til allrar hamingju.

Það sem skiptir mig mestu máli er fólk, fjölskylda mín. Ég á mér draum um að börnin mín klári skólann og taki háskólapróf svo þau geti séð fjölskyldum sínum farborða, betur en ég gat. Elsta dóttir mín segist ætla að verða kennari og yngsta dóttir mín ætlar að verða listamaður. Börnin mín veita mér hamingju. En lífið í Yangon er ekki auðvelt, launin eru lág og vöruverð hækkar stöðugt. Okkur finnst allt vera dýrt. Ef einhver verður veikur höfum við varla ráð á að fara til læknis. Flestir landa minna eru fátækir, ég hef verið heppin, en alltof margir eiga erfitt með að lifa af. Ég held að leiðtogi okkar, Aung San Suu Kyi, muni gera okkur lífið léttara. Við þurfum sjálf að leggja hart að okkur til að það gangi eftir.

Cherry, Búrma/Myanmar

Betri heilsa um allan heim

MEÐALÆVILENGD

Ástandið í dag	<ul style="list-style-type: none">• Meðalævilengd í heiminum er 72 ár.• Í næstum öllum löndum Afríku sunnan Sahara er meðalævilengd undir 65 árum.• Í öllum löndum, nema í Afríku sunnan Sahara, er meðalævilengd hærrí en 65 ár.
Hvert stefnir? 	<ul style="list-style-type: none">• Eykst í öllum heimshlutum. Frá sjöunda áratug síðustu aldar hefur meðalævilengd aukist um 20 ár.• Í mörgum löndum eins og t.d. Rúanda, Botsvana, Malaví og Sambíu, hefur meðalævin lengst um meira en 10 ár á þessari öld.

Heilsufar í heiminum er mælt á ýmsan hátt og nær til ólíkra þátta þróunar í löndum heimsins. Oft eru notuð breið viðmið þar sem lítið er til margra mismunandi vísbendinga um líðan okkar. Viðmið eins og meðalævilengd eða dánartíðni barna segja okkur ýmislegt um almennt heilsufar en einnig um efnahagsþróun og skiptingu auðs í heiminum.

Í heimsmarkmiðunum sem gilda til 2030 eru ýmsir þættir heilsufars í heiminum sameinaðir undir einu markmiði.

Þar á meðal er dánartíðni barna og mæðradauði, smitsjúkdómar, kynheilsa og frjósemi, og umferðarslys, ásamt reykingum, annarri misnotkun og áhættuþáttum.¹³

Meðalævilengd

Algengasta viðmiðið um hnattræna heilsu er meðalævilengd.¹⁴ Það endurspeglar meðalaldur fólks sem dó á tilteknu ári. Það gefur því góða mynd af almennu heilsufari. Þetta viðmið nær til misskiptingar innan þjóðar en einnig utanaðkomandi áfalla eins og hamfara eða stríða og ungbarnadauða.

¹³ Sjá nánar um heimsmarkmiðin í öðrum kafla bókarinnar og á slóðinni www.globalamalen.se.

¹⁴ Enska hugtakið *Life Expectancy* er stundum þýtt með ævilíkur. Viðmiðið mælir þó það sama, þ.e. meðalaldur þeirra sem dóu á tilteknu ári. Meðalævilengd er því nákvæmara orðalag.



Ljósmynd: Victor Bratt

»Þróunin í Rúanda undanfarin 13 ár tók yfir 50 ár í landi eins og Svíþjóð.«

Í sögulegu samhengi hefur meðalævilengd verið lág, eins og sjá má á sögulegu yfirliti (bls. 21-25). Þróunin undanfarna áratugi þýðir að meðalævilengd á jörðinni hefur aldrei verið meiri en þegar þú lest þetta. Á tímabilinu 1960 til 2015 jókst meðalævilengd á jörðinni úr 52 árum í 72 ár.¹⁵

Rekja má ástæðuna fyrir aukinni meðalævilengd til margvíslegra framfara á mörgum sviðum. Stóra breytingin er auðvitað sú, að æ færri börn deyja snemma á ævinni. Dánartíðni hefur einnig lækkað í öllum aldurshópum.

Övenjulegur afturkiptur á 10. áratugnum

Frá upphafi 19. aldar hefur þróunin verið jákvæð þó hún hafi verið ójöfn og á stundum mjög hæg. Afturkiptur í heilsufari hafa verið sjaldgæfir og stafað af hamförum, uppskerubresti, þurrkum, stríðum eða drepsóttum. Í fyrri heimstyrjöldinni féll meðalævilengd t.d. mjög í mörgum löndum, bæði vegna styrjaldarinnar, en einnig vegna influensufaraldurs sem kallaður var spænska veikin.¹⁶

Á 9. áratug síðustu aldar breiddist HIV/ alnæmi hratt út í mörgum löndum. Þekking á sjúkdómnum var lítil, samfélögin voru lengi að bregðast við og lyfjameðferð var í byrjun

mjög takmörkuð eða alls engin. Það var ekki fyrr en með tilkomu nýrra alnæmislyfja seint á 10. áratugnum að draga fór úr faraldrinum.

Í þeim löndum sem urðu hvað verst úti vegna faraldursins urðu afleiðingarnar hörmulegar. Það voru einkum löndin í Afríku sunnan Sahara, en lönd um allan heim urðu illa úti. Á 10. áratugnum lækkaði meðalævilengd í þrjátíu löndum, sums staðar um 10-15 ár.¹⁷

Hraðar framfarir í Afríku sunnan Sahara eftir 2000

Í flestum löndum heims hafa orðið miklar framfarir á 21. öldinni, einkum í löndum Afríku sunnan Sahara. Litlar breytingar urðu í 15 ár fram til ársins 2000, en nú hefur meðalævilengd á svæðinu aukist úr 50 árum í 59 ár. Löndin þar sem meðalævilengd jókst hvað mest eru öll í Afríku.

Hröðust hefur þróunin verið í Rúanda (sjá myndrit á bls. 49). Frá árinu 2000 hefur meðalævilengd þar hækkað úr 50 árum í 67 ár, en það er með því hæsta í Afríku sunnan Sahara. Þróunin í Rúanda undanfarin 13 ár tók yfir 50 ár í landi eins og Svíþjóð, í upphafi 20. aldar. Svíþjóð var þá margfalt ríkara land en Rúanda er í dag.

¹⁵ Alþjóðabankinn.

¹⁶ Spænska veikin var óvanalega skæður influensufaraldur sem breiddist út um heiminn undir lok fyrri heimsstyrjaldar. Áætlað er að milli 50 og 100 milljónir hafi látið lífið í faraldrinum.

¹⁷ www.gapminder.org.

MEÐALÆVILENGD: HVAR ERU FRAMFARIRNAR MESTAR?


	2000	2015	(breyting)
Rúanda	50 ár	67 ár	+17 ár
Botsvana	52 ár	66 ár	+14 ár
Malaví	46 ár	60 ár	+14 ár
Eritrea	49 ár	63 ár	+14 ár
Sambía	46 ár	59 ár	+13 ár
Búrúndí	48 ár	60 ár	+12 ár
Eþíópía	53 ár	64 ár	+11 ár
Úganda	50 ár	61 ár	+11 ár
Búrkína Fasó	53 ár	63 ár	+10 ár
Vestur-Kongó	53 ár	62 ár	+9 ár

MEÐALÆVILENGD: HVAR ER ÞRÓUNIN HÆG?

	2000	2015	(breyting)
Sýrland	74 ár	70 ár	-4 ár
Lesóthó	50 ár	49 ár	-1 ár
Mexíkó	75 ár	75 ár	0 ár
Paragvæ	74 ár	74 ár	0 ár
Georgía	72 ár	73 ár	+1 ár
Dóminíkanska lýðveldið	73 ár	74 ár	+1 ár
El Salvador	73 ár	74 ár	+1 ár
Filippseyjar	69 ár	70 ár	+1 ár
Malasía	74 ár	75 ár	+1 ár
Panama	77 ár	78 ár	+1 ár

Heimild: Gapminder

DÁNARTÍÐNI

<p>Ástandið í dag</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Á hverjum degi deyja 16.000 börn áður en þau ná fimm ára aldri, oft vegna sjúkdóma sem einfalt væri að vinna bug á, matarskorts, vatnsskorts og skorts á heilsugæslu. • Verst er ástandið í löndum Afríku sunnan Sahara en þar deyja 8,3 prósent allra barna áður en þau ná fimm ára aldri. • Á hverju ári deyr 1 milljón barna daginn sem þau fæðast og önnur milljón deyr á fyrstu viku ævinnar.
<p>Hvert stefnir?</p> 	<ul style="list-style-type: none"> • Lækkar alls staðar í heiminum. Á tímabilinu 1990 til 2015 lækkaði dánartíðni barna um 53 prósent. • Í dag lækkar dánartíðni barna þrisvar sinnum hraðar en í byrjun 10. áratugar síðustu aldar.

Dánartíðni barna

Eitt af viðmiðum um heilsufar í heiminum er dánartíðni barna. Viðmiðið segir til um hlutfall allra barna sem deyja fyrir tiltekinn aldur, oftast fyrir fimm ára aldur.¹⁸ Eins og meðalævilengd gefur viðmiðið góða mynd af almennu heilsufari í tilteknu landi því það endurspeglar jafnframt marga þætti félags- og efnahagslegrar þróunar. Að auki er það eitt það allra mikilvægasta í lífi hvers einstaklings hvaða möguleika börnin okkar eiga til að lifa af.

Tölur um dánartíðni barna gefa ástæðu til bæði ánægju og örvæntingar. Ánægju vegna þess að dánartíðni barna fer lækkandi alls staðar í heiminum, meira að segja mjög hratt. Í sumum fátækustu löndum heimsins hafa orðið stórkostlegar framfarir hvað varðar heilsufar barna frá árinu 2000.

Örvæntingu vegna þess að þrátt fyrir framfarir er tíðni barnadauda af völdum fátæktar allt að því óbærileg. Næstum sex milljónir barna yngri en fimm ára látast á hverju ári, flest vegna sjúkdóma og orsaka sem hægt hefði verið að koma í veg fyrir.

Það eru meira en 16.000 börn á hverjum einasta degi. Bara í Nígíeríu deyja á hverjum degi yfir 2000 börn áður en þau ná fimm ára aldri og á Indlandi deyja fleiri en 3.500 börn á hverjum degi, meira en milljón börn á hverju ári.

Engin önnur dánarorsök veldur nálægt því svo mörgum dauðsföllum og fátækt. Hvorki stríðsátök, hryðjuverk né náttúruhamfarir hafa nokkurn tíma valdið dauða jafn margra og fátæktin.

16.000 börn er fjöldi sem erfitt er að sjá fyrir sér. Hægt er að bera fjöldann saman við afleiðingar fljóðbylgjunnar á Indlandshafi í desember 2004. En þá fórust um það bil 250.000 manns.

Dánartíðni barna í heiminum er sambærileg við tvær flóðbylgjur á mánuði. Í hverjum mánuði, allan ársins hring þar sem allir sem færust væru undir fimm ára aldri. Munurinn er þó sá að þar er ekki um að ræða skyndilegar, óvæntar hamfarir. Þvert á móti þá vitum við að það mun gerast, hvar það mun gerast og meira segja þekkjum við ástæðuna fyrir að það gerist. Og við höfum alla burði til að koma í veg fyrir það. Eins og svo margt annað snýst málið um forgangsröðun.

¹⁸ *Under Five Mortality*. Stundum er hugtakið ungbarnadauði (Infant Mortality) notað og þá er yfirleitt átt við börn yngri en eins árs.




Monyaguek, mánaðargamalt barn frá Suður-Súdan fær bólusetningu við lömunarveiki, í fangi móður sinnar.

DÁNARTÍÐNI BARNNA: DÆMI UM MIKLAR FRAMFARIR

	2000	2015	(breyting)
Maldíveymar	4,4%	0,9%	-81%
Rúanda	18%	4%	-77%
Kambódía	11%	3%	-73%
Senegal	13%	5%	-65%
Mongólía	6%	2%	-64%
Vestur-Kongó	12%	5%	-63%
Tansanía	13%	5%	-62%
Malaví	17%	7%	-62%
Líbería	18%	7%	-62%
Epíópía	15%	6%	-59%

Heimild: Gapminder

Fjöldi barna á hverja konu



»Engin önnur dánarorsök veldur nálægt því svo mörgum dauðsföllum og fátækt.«


Hve miklar eru framfarirnar?

Árið 1990 dóu 13 milljónir barna undir fimm ára aldri, það voru 10 prósent allra fæddra barna. Árið 2015 er gert ráð fyrir að dánartíðni barna hafi lækkað í 5,9 milljónir eða um 4,3 prósent, sem er helmingsslækkun á 25 árum. Samtals hafa framfarir frá árinu 1990 bjargað lífi næstum 100 milljóna barna, helmingi þeirra í Kína og á Indlandi.

Ástæður

Stóran hluta þessa árangurs má rekja til bættra félagslegra og efnahagslegra aðstæðna sem fylgja hækkandi tekjum og batnandi almennum lífsskilyrðum. En einnig má að stórum hluta þakka hann markvissum aðgerðum sem beinast að sértækum vandamálum og sjúkdómum. Að mati Sameinuðu þjóðanna hefur áhersla á bólusetningar gegn mislingum undanfarin ár bjargað lífi meira en 15 milljóna barna, í dag eru 85 prósent allra barna í heiminum bólusett við mislingum. Próunarverkefni sem beinast að flugnanetum og malaríulyfjum hafa þar að auki bjargað meira en 6 milljónum mannlífa, flest þeirra eru börn.¹⁹


Helmingur barnadauða í heiminum er í fimm löndum



¹⁹ Sp, Skýrsla um framgang þúsaldarmarkmiðanna 2015.

Æ færri deyja úr alnæmi

HIV/AIDS

Ástandið í dag	<ul style="list-style-type: none">• 35-40 milljónir lifa með HIV.• Á hverju ári deyja u.þ.b. 1,1 milljón manna úr alnæmi.• Á hverju ári smitast u.þ.b. tvær milljónir manna af HIV.
Hvert stefnir? 	<ul style="list-style-type: none">• Færri og færri deyja af völdum alnæmistengdra sjúkdóma. Frá árinu 2004 hefur dauðsföllum fækkað um 42 prósent á ári.• Frá árinu 2000 hefur þeim sem smitast af HIV á hverju ári fækkað um 35 prósent. Meðal nýfæddra barna hefur þeim fækkað um 58 prósent.• Árið 2015 fengu 46 prósent allra sem lifa með HIV alnæmislyf. Það er tvöföldun á fjórum árum.

HIV/alnæmi – faraldur sem breytti öllu

Frá því að HIV-veiran uppgötvaðist í upphafi níunda áratugarins hefur HIV-smituðum farið fjölgandi og sjúkdómurinn orðið að faraldri á heimsvísu. Nokkur lönd í sunnanverðri Afríku urðu verst úti en sjúkdómurinn breiddist út til flestra landa heims. Í dag lifa u.þ.b. 37 milljónir með HIV. Í þeim löndum sem urðu verst úti urðu afleiðingarnar hörmulegar. Í mörgum löndum, sér í lagi í Afríku sunnan Sahara, varð mikill afturkippur í meðalævilengd, dánartíðni barna og tekjum á 10. áratugnum. Sjúkdómurinn hafði áhrif á öll svið samfélagsins.

Úr banvænum í langvinnan (en meðhöndlanlegan) sjúkdóm

Í byrjun 10. áratugarins var alnæmi orðið eitt helsta áhyggjuefni á heimsvísu, hann vakti skelfingu, ótta og sögusagnir um allan heim. Alnæmi var nú helsta dánarorsök meðal fólks undir 44 ára aldri, einnig í ríkum löndum. Örtinn byggði að hluta til á vanþekkingu á smitleiðum, bannhelgi og því hversu erfitt var

að tala um sjúkdóminn en hann smitaðist aðallega við kynmök. Fyrst og fremst byggði óttinn þó á þeirri staðreynd að flestum sem smituðust af HIV-veirunni var dauðinn vís. Um þetta leyti höfðu yfir 20 milljónir smitast og í sumum löndum í suðurhluta Afríku var meira en tíundi hver íbúi á aldrinum 15 til 50 ára HIV-smitaður. Tölurnar voru sérstaklega háar í Simbabve (27 prósent), Botsvana og Lesóthó (22 prósent í báðum löndunum).

Það var ekki fyrr en 1997 að lyfjameðferð fór að bera árangur, en þá voru kynnt til sögunnar ný alnæmislyf (HAART, highly active antiretroviral therapy) sem stöðva framgang sjúkdómsins. Með tilkomu þeirra breyttist sjúkdómurinn úr því að vera öruggur dauðadómur í langvinnan sjúkdóm. Í upphafi kostaði lyfjameðferðin 10.000 dali á ári, sem var alltof dýrt fyrir flest fólk og flest lönd, en smátt og smátt fór verðið lækkaði og varð viðráðanlega en áður.

Um leið og virkni lyfjanna hefur aukist og verðið lækkað, hefur hlutfall smitaðra sem njóta meðferðar aukist gífurlega. Alþjóðasjóðurinn

²⁰⁾ Nánari upplýsingar um Alþjóðasjóðinn gegn alnæmi, berklum og malaríu er að finna á: www.theglobalfund.org.



Hermenn koma fram í Monróvíu í Líberíu á alþjóðlega alnæmisdeginum.

gegn alnæmi, berklum og malaríu²⁰ hefur staðið undir stórum hluta útgjaldanna með framlagi og fjársöfnun um allan heim, sem hefur gert alnæmislyfin aðgengileg fyrir fleiri. Það hefur verið breytilegt milli landa „hversu veikur“ maður þarf að vera til að fá lyfin en sá þröskuldur hefur lækkað með árunum. Í dag mælir Alþjóðaheilbrigðisstofnunin (WHO) með að allir sem greinast með smit fái tilboð um alnæmislyf.


Aukið fjármagn hefur skilað árangri

Í dag er rúmlega 20 milljörðum dala veitt í baráttu gegn HIV/alnæmis-faraldrinum á hverju ári.²¹ U.þ.b. helmingurinn er þróunaraðstoð, og stærsti hluti hennar kemur frá Bandaríkjunum og Alþjóðasjóðnum. 20 milljarðar gætu virst mikið fé, en það er nokkurn veginn sama upphæð og ríkisstjórnir heimsins verja til hermála á tæpum fimm dögum.²²

²⁰ Heimild: UNAIDS, áætlun SP gegn alnæmi og eyðni.

²² Árið 2016 námu heildarútgjöld til hermála 1.686 milljörðum dala. Heimild: SIPRI, Alþjóðlega friðarrannsóknarstofnunin í Stokkhólmi.

Lýðræði

Ástandið í dag	<ul style="list-style-type: none">• 87 lönd eru flokkuð sem frjáls, 49 sem ófrjáls og 59 sem frjáls að hluta til.²³
Hvert stefnir? 	<ul style="list-style-type: none">• Til langs tíma hefur lýðræði aukist í heiminum.• Undanfarin 10 ár hefur ástandið versnað í fleiri löndum en þeim þar sem framfarir hafa orðið.

Lýðræði fer vaxandi í heiminum, í það minnsta þegar litið er til lengri tíma. Leiðin til lýðræðis er þó hvorki bein né breið og kostar oft hatramma baráttu og þungbæra afturkippu. Undanfarin ár hefur uppreisn gegn einræði og ófrelsi í Norður-Afríku og Mið-Austurlöndum kostað fjölda mannlífa. Fram að þessu hefur þrýstingur almennings steypst þremur ríkisstjórnnum á svæðinu af stóli - í Túnis, Líbýu og Egyptalandi. Í öðrum löndum hefur lýðræðisöflum ekki tekist að ná fótfestu eða þau verið barin niður af ríkjandi stjórnvöldum.

Í Sýrlandi mögnuðust átök mótmælenda og stjórnvalda í allsherjar borgarastyrjöld sem hefur sundrað landinu. Milljónir manna hafa neyðst til að yfirgefa heimili sín. Átökin hafa að nokkru breiðst út til nágrennalandanna og hafa hrundið af stað flóttamannastraumi sem á sér ekki for-dæmi frá því í seinni heimsstyrjöld.²⁴


Fram að þessu er það bara í Túnis sem raunveruleg lýðræðisþróun hefur fest rætur. Á því var vakin athygli með friðarverðlaunum Nóbels árið 2015.

Að breyta stjórnarskrám, byggja upp flokka-kerfi, skipuleggja kosningar og komast að samkomulagi um hvernig landinu skuli stjórnað tekur sinn tíma. Þetta getur reynst sérstaklega torvelt í löndum þar sem lýðræðishefðir skortir og almenningur er óvanur stjórnmalapátttöku og áhrifum. Þeir hópar sem áður fóru með völd eru líka oft tregir til að láta þau af hendi.


Þegar breytingarnar gerast of hægt er einnig hætta á að fólk verði vonsvikið og telji sér trú um að „allt hafi verið betra eins og það var áður“. Því er leiðin til lýðræðis oft vörðud afturkippum. Uppreisnirnar í Norður-Afríku eru þó sláandi dæmi og sennilega verður æ erfiðara að undir-oka þjóðir.

²³ Freedom in the World – Freedom House. www.freedomhouse.org.

²⁴ Heimild: Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNCHR.

A close-up photograph of a woman with dark skin and hair, looking directly at the camera. Her right index finger is raised, showing a thick, purple ink smudge. The background is blurred, showing other people and what appears to be an outdoor setting. The lighting is natural, suggesting daylight.

Kona sýnir blekugan fingur sinn eftir að hafa greitt atkvæði í forsetakosningum í Austur-Tímor 2012. Blekið er notað til að koma í veg fyrir kosningasvindl, t.d. að einhverjir greiði atkvæði oftar en einu sinni.



*»Lýðræði fer vaxandi í heiminum,
í það minnsta þegar litið er til lengri
tíma. Leidin til lýðræðis er þó hvorki
bein né breið.«*


Það er erfitt að mæla stig lýðræðis og frelsis, en mörg samtök og rannsóknarstofnanir nota þó ýmsar skilgreiningar til að átta sig á hvert stefnir.²⁵ Mælingarnar eru misflóknar og aðferðirnar ólíkar, en allar benda þær til, alla vega þegar lítið er til lengri tíma, að þróunin sé í lýðræðisátt. Til að myndin verði eins rétt og mögulegt er þarf oft að grípa til fleiri mælingaraðferða.

Oft er vitnað í árlega úttekt bandarísku samtakanna *Freedom House*, en þar er heiminum skipt í lönd sem teljast frjáls, frjáls að hluta, og ófrjáls. Samkvæmt þessari úttekt hefur

fjöldi lýðræðisríkja í heiminum meira en tvöfaldast undanfarin 40 ár og í dag eru lýðræðisríki í heiminum tvöfalt fleiri en einræðisríki. Í upphafi áttunda áratugarins var þessu ófugt farið.

Myndritið sýnir einnig að lýðræðisþróun virðist hafa staðnað undanfarin ár.

Nánari greining á gögnum frá *Freedom House* sýnir einnig að í u.þ.b. sextíu löndum hefur lýðræði og frelsi hrakað, þó að bakslagið hafi ekki fært landið úr einum flokki í annan.



²⁵ Sjá dæmi: Freedom House, Polity IV-project, The Economist Democracy Index eða Varieties of Democracy (www.v-dem.net).

Jafnréttismál


Ástandið í dag	<ul style="list-style-type: none">• Hvergi í heiminum hefur jafnrétti kynjanna komist á, hvorki í efnahagslegu, pólitísku eða félagslega tilliti.• Einn af hverjum fimm þingfulltrúum í heiminum er kona.
Hvert stefnir? ↗	<ul style="list-style-type: none">• Hæg þróun í átt að auknu jafnrétti á flestum sviðum.



Ljósmynd: UN Photo/Eskinder Evan Schneider

Sahle-Work Zewde forseti Eþíópíu 2018.

Engin fylgni milli tekna og jafnréttis á þjóðþingum



Ekki virðast vera tengsl milli tekjustigs og jafnréttis í stjórnámálum. Í ríkum löndum á borð við Japan, Óman og Kúveit eru næstum engar konur þingmenn. Í sumum fátækum löndum eins og Senegal, Níkaragúa og Bólívíu er hlutfallið jafnt. Stærsta hlutdeild kvenna á þjóðþingi er í Rúanda.

Skortur á jafnrétti karla og kvenna hamlar þróun í heiminum. Þó barátta fyrir jafnrétti hafi borið árangur í mörgum löndum og á mörgum sviðum eru tækifæri stúlkna og kvenna færri og þær hafa minni völd. Konum er mismunad á flestum sviðum, það á við um heilsu, efnahag, stjórnmal, menntun og vinnumarkað, svo dæmi séu nefnd.

Konur hafa lægri tekjur en karlar í öllum löndum heims, konur eru ekki nema 40% af launuðu vinnuafli heimsins, í sumum heims-hlutum eru færri en fimmti hver launþegi kona. Konur vinna þó þrjá fjórðu af allri ólaunaðri vinnu.²⁶

Árið 1995 var haldin alþjóðleg ráðstefna í Peking um jafnréttismál í heiminum. 20 árum eftir að Peking-yfirlýsingin um aukin völd og áhrif kvenna var undirrituð, er enn ekki nema fimmti hver þingmaður á þjóðþingum heimsins kona. Það eru vissulega tvöfalt fleiri en árið 1995, en langt frá heimsmarkmiðunum.

Sama hægfara þróun á við um kynjaskiptingu meðal stjórnmalaleiðtoga í heiminum. Einungis 6 prósent af öllum 315 þjóðarleiðtogum heimsins eru konur. Þýskaland, Síle, Nepal og Noregur eru dæmi um það.

²⁶) UNDP, Ársskýrsla um þróun lífskjara 2015.

Hægfaða umbætur til lengri tíma

Hægt er að mæla skort á jafnrétti og stöðu kvenna á marga mismunandi vegu. Í ársskýrslu UNDP um þróun lífskjara (Human Development Report) er kynnt samsett vísitala (GII)²⁷ sem mælir jafnrétti á þremur sviðum: kynheilsa, völd og áhrif ásamt efnahagsmálum og vinnu-markaði. Samkvæmt þessari vísitölu fer jafnrétti vaxandi í heiminum þótt það gerist hægt. Breytingin á heimsvísu síðustu 15 ár svarar til þess að í stað ástands eins og í Alsír, þar sem jafnrétti er afar bágborið, sé staðan nú líkari Tyrklandi þar sem heldur lengra hefur miðað. Það er enginn ógnarhraði. Með sama áframhaldi munu líða 70 ár áður en konur heimsins standa að meðaltali jafnfætis konum í löndunum þar sem jafnrétti er mest í dag - og 90 ár þar til jafnrétti næst.

Aðrar niðurstöður jafnréttismælinga sýna svipaða þróun, framfarir gerast hægt og mikill

munur er á milli landa. Alþjóðæfnahagsráðið (World Economic Forum) hefur í tíu ár stuðst við aðrar og nákvæmari vísendingar í svipaðri vísitölu (GGGI).²⁸ Samkvæmt henni ríkir meira jafnrétti á sumum sviðum en öðrum. Munurinn á körlum og konum er minni á sviði heilsu og menntunar en á efnahags- og stjórnmálasviði.

Samkvæmt öllum mælingum eru ákveðin lönd ævinlega meðal þeirra efstu, það á til dæmis við um Norðurlönd, Þýskaland, Holland og Belgíu. En samkvæmt vísitölu UNDP ríkir mest jafnrétti í Slóveníu og Sviss og í mælingum Alþjóðæfnahagsráðsins eru Rúanda og Filippseyjar meðal tíu efstu landanna.

Skortur á jafnrétti hefur banvænar afleiðingar

Samsettar vísitölur geta verið góðar til að meta heildarþróun, en þær henta illa til að útskýra í hverju munurinn milli karla og kvenna liggur,

LÖND ÞAR SEM JAFNRÉTTI ER MEST

	Misréttisvísitala, UNDP	Kynjamunarvísitala, WEF
1	Slóvenía	Ísland
2	Sviss	Noregur
3	Þýskaland	Finnland
4	Danmörk	Svíþjóð
5	Austurríki	Írland
6	Svíþjóð	Rúanda
7	Holland	Filippseyjar
8	Belgía	Sviss
9	Noregur	Slóvenía
10	Ítalía	Nýja-Sjáland

²⁷⁾ Gender Inequality Index Human Development Report, www.hdr.undp.org.

²⁸⁾ Global Gender Gap Index World Economic Forum, www.weforum.org.

og hvaða afleiðingar misréttið hefur. Til að skilja betur í hverju jafnrétti felst er því nauðsynlegt að skoða einnig vísbendingarnar hverja fyrir sig.

Misrétti og kúgun kvenna í heiminum geta á endanum leitt til mæðradauða. Hundruð þúsunda kvenna láta lífið á hverju ári vegna þungunar og barnsburðar. Þó miklar framfarir hafi orðið frá árinu 2000 og dregið hafi úr mæðradauða um helming, deyja enn fleiri en 300.000 konur á hverju ári.

Vegna misbrests á því að heilbrigðisstarfsfólk, ljósmæður og læknar, séu til staðar við fæðingu verður fjöldi kvenna fyrir varanlegum skaða. Dauðsföll í tengslum við barnsburð eru sjaldgæf í löndum þar sem heilbrigðiskerfi er þróað. Hins vegar er áætlað að í fjölda fátækra landa sé áhættan að deyja vegna þungunar 1 á móti 20. Í Tsjad er áætlað að dánarorsök fimmtándu hverrar stúlku sé vandamál í tengslum við þungun eða barnsburð.

Jafnrétti í heimsmarkmiðum

Heimsmarkmiðin snerta mörg þeirra sviða þar sem stúlkur og konur verða fyrir mismunun. Það á við um ofbeldi karla gegn konum, mansal og vændi, launamismunun, limlestingu kynfæra, kynheilsu, mæðradauða, þátttöku í stjórnmálum og efnahagslífi og svo framvegis.²⁹

Enn er margt óunnið. Að mati Mannfjöldastofnunar Sameinuðu þjóðanna, UNFPA, hafa 200 milljónir stúlkna og kvenna orðið fyrir limlestingu kynfæra. Ef svo heldur fram sem horfir munu 15 milljónir stúlkna til viðbótar verða fyrir limlestingu kynfæra fram til ársins 2030. Stofnunin reiknar einnig með að ein af hverjum þremur konum verði fyrir ofbeldi og/eða kynbundnu ofbeldi af sambylísmanni sínum eða nánum ættingja.

LÖND ÞAR SEM JAFNRÉTTI ER MINNST

	Misréttisvísitala, UNDP	Kynjamunarvísitala, WEF
1	Jemen	Jemen
2	Níger	Pakistan
3	Tsjad	Sýrland
4	Afganistan	Tsjad
5	Fílabeinsströndin	Íran
6	Malí	Jórdanía
7	Austur-Kongó	Marokkó
8	Tonga	Líbanon
9	Mið-Afríkulýðveldið	Malí
10	Líbería	Egyptaland

²⁹ Í öðrum kafla bókarinnar er hægt að lesa nánar um heimsmarkmiðin.



Neyðarástand og hamfarir

Ástandið í dag	<ul style="list-style-type: none">• Fleiri hafa orðið að flýja heimili sín vegna neyðarástands en dæmi eru til síðan í seinni heimsstyrjöld.• Að baki neyðinni eru oftast vopnuð átök eða stríð í einhverri mynd, en náttúruhamfarir og sjúkdómsfaraldrar hafa einnig orsakað neyðarástand.
Hvert stefnir? ↗	<ul style="list-style-type: none">• Þó neyðarástand ríki nú á mörgum stöðum í heiminum þá er dánartíðni vegna stríða og náttúruhamfara lægri en áður.• Frá aldamótum hafa að meðaltali u.þ.b. 100.000 manns látið lífið á hverju ári af völdum náttúruhamfara. Um miðja 20. öld var þessi tala tvisvar sinnum hærrí og í upphafi 20. aldar þrisvar til fimm sinnum hærrí. Jarðarbúum hefur þó fjölgað mjög mikið.

Méðan þessi bók er skrifuð ríkir neyðarástand á mörgum stöðum í heiminum og þörfin fyrir neyðar- aðstoð er meiri nú en hún hefur verið lengi. Blóðug átök í Sýrlandi, Afganistan, Írak, Suður-Súdan og Mið-Afríku hafa hrakið fleira fólk á flótta en nokkru sinni frá lokum seinni heimsstyrjaldar.

Það bætir ekki úr skák að jafnframt ríkir langvarandi ófremdarástand á fleiri svæðum, s.s. vegna vopnaðra átaka í Austur-Kongó, Sómalíu, Súdan og Jemen. Við þetta bætast síðan hörmungar af völdum banvænna sjúkdómsfaraldra, eins og ebólufaraldurs í Líberíu, Síerra-Leóne og Nýju-Gíneu, og náttúruhamfara á borð við fellibylinn Haiyan á Filippseyjum árið 2013, jarðskjálftana í Nepal í apríl 2015 og þurrka í Sómalíu og Mið-Ameríku.


Krefjast mikilla fjármuna

Kreppur eins og þessar skapa bráðar þjáningar og oft þarf mikið fjármagn á stuttum tíma bara til að bjarga mannlífum. Jafnframt er nauðsynlegt að grípa fljótt til aðgerða svo hægt sé að hefja enduruppbyggingu landsins, sáttaferli eða vinna úr atburðunum. Mikilvægt er að breyta bráðaástandi í enduruppbyggingu. Oft er landið sérstaklega viðkvæmt fyrir kreppum sem fylgja í kjölfarið og nýjum vandamálum og því er brýnt að byggja skjótt upp viðnámsþrótt og hefja langtímapróun.


Auk mikilla fjármuna krefjast hjálparaðgerðir einnig samhæfingar fjölda aðila; stofnana Sameinuðu þjóðanna, landa og fólks sem bjóða fram aðstoð sína. Oft eru aðstæður erfiðar og óreiðukenndar.

Árið 2010 urðu einhverjar verstu hamfarir á okkar tímum. Stór jarðskjálfti skók Haítí sem er mjög fátækt land, og voru upptök hans einungis 25 kílómetra frá höfuðborginni Port-au-Prince.

Hlutfall þeirra sem láta lífið í stríðum og átökum hækkar ekki



Fjöldi látinna í hamförum (meðaltal áratugur)



Heimild: Max Roser www.ourworldindata.org

Þjóðartekjur Haítí voru lægri en í flestum löndum Afríku fyrir jarðskjálftann og landið var því afar illa í stakk búíð fyrir hamfarirnar. Á fyrstu tveimur vikunum eftir stóra skjálftann urðu síðan yfir 50 stórir eftirskjálftar sem allir mældust yfir 4,5 á Richter.

Að minnsta kosti 100.000 manns létu lífið í hamförunum eða af völdum hörmunganna í kjölfarið, en tala látinna gæti verið allt að 300.000. Enduruppbygging var erfið og tók langan tíma.

Skiptir þróunarstigið einhverju máli?

Skiptir það máli að Haítí var fátækasta land á vesturhveli jarðar þegar jarðskjálftinn reið yfir? Já, á því leikur enginn vafi. Fátæk lönd eru næstum alltaf verr undir það búin að mæta utanaðkomandi áföllum og neyðarástandi. Þó jarðskjálftar, þurrkar eða flóð geri ekki greinarmun á ríku

og fátækum löndum, bitna áföllin verst á íbúum fátækra landa.

Þýðing félags- og efnahagslegrar þróunar þegar bregðast þarf við slíkum hamförum kemur greinilega í ljós þegar titið er á dánartíðni undanfarin 100 ár. Samfara þróun landanna og auknu mótstöðuafli þeirra hefur dregið gífurlega úr fjölda þeirra sem láta lífið.

Á fyrstu áratugum 20. aldar lést að meðaltali yfir hálf milljón manna á ári í ýmiss konar náttúruhamförum, ekki síst af völdum sjúkdómsfaraldra, þurrka og flóða. Í öllum þessum flokkum hefur dregið gríðarlega úr dánartíðni.

Sænski hamfaralæknirinn Johan von Schreeb var meðal fyrstu læknanna sem komu á vettvang eftir jarðskjálftann á Haítí 2010:

– Ég man ég var að hjóla í gegnum Stokk-hólm í skafrenningi þegar það var hringt í mig frá samtökunum Læknar án landa-mæra. Hvort ég gæti farið til Haítí? Núna? Strax! Það var ekki erfið ákvörðun. Hamfaralæknir verður ávallt að vera viðbúinn. Því fylgir innra eirðarleysi sem er bæði gott og vont, bið eftir samtali sem leiðir okkur burt frá gráum hversdagsleikanum á einhvern stað þar sem raunveruleg þörf er fyrir okkur. Á örfáum klukkustundum er búið að pakka niður, daginn eftir leggur flugvélin af stað til Haítí.

Óreiðan sem ríkir á hamfarasvæði er ólýsanleg, þú verður að upplifa hana. Lyktin, örvæntingarfull augu sem skima vongóð yfir rústirnar, haugar af hrundum húsum og allt þetta fólk. Þegar við komum á áfangastað, völdum við okkur sem bæki-stöð trúboðssjúkrahús nálægt upptökum jarðskjálftans, troðfullt af fólki sem var í bráðabörf fyrir umönnun. En það er ekki bara hægt að skella sér undirbúningslaust í skurðaðgerðir. Til að tryggja öryggi í heilsugæslunni er að mörgu að hyggja. Það þarf að koma upp „einfaldri“ skurð-stofu, grafa kamargryfjur, leggja vatns-lagnir, það þarf að búa til mat og svo framvegis. Skipulagið er eitt af mörgum viðfangsefnum.

Þegar verkið er hafið er ekki hægt að hætta. 18 tíma vinnuvaktir, sífellt þarf að vege og meta þörf fólks fyrir bráða-þjónustu og möguleikana á að lifa af. Ákvarðanir sem varða líf og dauða eru teknar sem á færíbandi, einfaldar aðgerðir eru gerðar án þeirrar nákvæmni sem við eigum að venjast. Þegar hamfarir eiga sér stað er nauðsynlegt að forgangsraða

og velja „réttu“ verkin. Ólýsanleg þreyta sem sprettur af því að vera alltaf á tánum, vonleysi sem hellist yfir þegar ekki tekst að bjarga mannlífum, einstakur liðsandi sem tengir starfsfólkið órjúfandi böndum, allt eru þetta þættir daglegs lífs þegar unnið er á hamfarasvæðum, þá lífum við bara í núinu.

Það þarf að leggja miklu meira til neyðarhjálp, stundum felst vandinn í röngum eða gagnslausum hjálpargögnum. Ég hef ítrekað lent í því að aðkomufólk setur sig á háan hest í nafni góðmennskunnar gagnvart skoðunum og tilfinningum þeirra sem ástandið bitnar á. Ég man eftir bandarískum lækni á Haítí sem geystist inn á bráðabirgðaskurðstofuna okkar með ókjör af græjum, nögglum og skrúfum frá sjúkrahúsi í Flórída með sjónvarpsteymi á hælunum. Hann ætlaði að fara að gera við beinbrot án tafar. En það fékk hann ekki því enginn vissi hvaða aukaverkunum skrúfurnar hans og naglarnir gætu valdið í umhverfi sem var ekki dauðhreinsað. Það gæti leitt til sýkinga, dreps eða í versta falli aflimunar. Það er ekki alltaf tekið út með sældinni að vera góður.

Johan von Schreeb

Johan von Schreeb tók þátt í að stofna deild Lækna án landamæra í Svíþjóð árið 1993. Í dag stjórnar hann fræðslusetri fyrir alþjóðlegar hamfaralæknir á Karólínska sjúkrahúsinu í Stokkhólmi og gerir einnig skurðaðgerðir við brjóstakrabbameini á Sabbatsberg sjúkrahúsinu. ann skrifaði bókina *Hamfaralæknirinn: sögur af vettvangi* en hluti af textanum hér á undan er úr henni.




Freetown, Sierra Leone. Ljosmynd: UN Photo / Martine Perret

Í Bulunku í Kína, fá 312 heimili, heilsu-
gæslustöð og skóli rafmagn frá rafstöð
sem knúin er af vindi, dísel og sólarorku.



Sjálfbær þróun og loftslagsmál

Ástandið í dag	<ul style="list-style-type: none">• Styrkur koltvísýrings í andrúmsloftinu, ein af orsökum gróðurhúsaáhrifanna, er meiri í dag en hann hefur verið mjög lengi, sennilega í 23 milljónir ára, sem er ofar okkar skilningi.• Meðalhitastig á jörðinni undanfarin ár er hærra en nokkurn tíma áður hefur mælst. Það sem af er 21. öld hefur nánast hvert einasta ár verið hlýrra en öll ár á 20. öldinni.• Níu af hverjum tíu jarðarbúum hafa aðgang að hreinu drykkjarvatni. En þrjá af hverjum tíu skortir enn nothæfa salernisaðstöðu.• U.þ.b. 900 milljónir búa í borgarhverfum sem skilgreina má sem fátækrahverfi.
Hvert stefnir? 	<ul style="list-style-type: none">• Sjálfbær þróun er eitt fárra sviða þar sem tölur benda að hluta til neikvæðrar þróunar. Af þúsaldarmarkmiðunum átta var það bara á þessu sviði sem þróunin stefndi í ranga átt.• Á tímabilinu 1990 til 2015 jókst losun koltvísýrings á heimsvísu um 50 prósent.

Umhverfismál og sjálfbær þróun fela í sér mörg álitamál og svið sem hvert um sig verðskulda sérstaka umfjöllun og eigin heimsmarkmið. Það er ekki nokkur leið að svara því á einfaldan hátt hvort þróun umhverfismála sé jákvæð eða neikvæð.

Enginn vafi á hlýnun

2016 var heitasta árið á jörðinni frá því að hita- mælingar hófust árið 1880. Það þýðir að 14 af 16 hlýjustu árunum sem nokkurn tíma hafa mælst voru öll eftir árið 2000. Hitastig jarðar ræðst af mörgum ólíkum þáttum og getur verið mjög breytilegt milli ára, milli mánuða og hinna ýmsu heimshluta. Enginn vafi leikur þó á að til lengri tíma hefur meðalhiti jarðar hækkað jafnt og þétt á síðustu öld, samfara síaukinni losun svokallaðra gróðurhúsalofttegunda í andrúmsloftið. Þetta eru sérfræðingar um loftslagsmál sammála um.

Af þúsaldarmarkmiðunum átta sem aðildar- ríki Sameinuðu þjóðanna samþykktu í upphafi ársins 2000 var það einungis á sviði sjöunda mark- miðsins um sjálfbæra þróun, að afturför hefur orðið á heimsvísu. Það sem augljóslega hefur brugðist er að draga úr losun gróðurhúsaloft- tegunda. Við getum ekki lengur lokað augunum fyrir því að hlýnun jarðar er afleiðing aukinnar losunar, m.a. koltvísýrings, í andrúmsloftið.

Í dag er losun koltvísýrings 50 prósentum meiri en hún var árið 1990 þrátt fyrir að flestir vísindamenn séu sammála um að losunin þyrfti að vera langt undir því sem gerðist á 10. ára- tugnum. Losunin hefur einnig aukist hraðar á 21. öldinni en hún gerði á 20. öldinni. Þrátt fyrir alla þá athygli sem beinist að þessu máli og þrátt fyrir að vísindamenn og stjórnmalamenn séu sammála um að draga þurfi úr losun, heldur hún áfram að aukast.

Meginástæðan fyrir aukinni losun er hraður hagvöxtur í meðaltekjulöndum, þó má enn rekja yfirgnæfandi hluta losunar til hátekjulanda (sjá mynd á bls. 73).

Til lengri tíma stendur mannkyninu öllu ógn af hlýnun jarðar, ekki þarf nema lítilsháttar hækkun á hitastigi til að stofna þróuninni í hættu - sérstaklega í fátækum löndum. Flóð, vatns- skortur, minni matvælaframleiðsla og hækkanði matvælaverð, vandamál sem nú þegar valda mikilli hungursneyð, eru meðal þeirra afleiðinga sem ógna þróun í mörgum fátækum löndum.

Í ársskýrslum Sameinuðu þjóðanna um þróun lífsskjara (Human Development Reports) hefur árum saman verið fjallað um nýjar rannsóknir sem benda til neikvæðra afleiðinga loftslags- breytinga. Það eru auðvitað fátækustu löndin sem eru líkleg til að verða verst úti. Það er að hluta til vegna þess að í þessum löndum má minna út af bera, mótstöðuafli þeirra er minna og þau hafa yfir minna fjármagni að ráða til að takast á við afleiðingar loftslagsbreytinga. En einnig vegna þess að þessi lönd eiga nú þegar við erfiðleika að etja vegna umhverfistengdra hamfara.


Það er sterk fylgni milli fátæktar og dauðsfalla af umhverfistengdum orsökum, því fátækara sem landið er, því meiri er hætta á að deyja af völdum slæms ástands í umhverfismálum. Sem dæmi má nefna að á hverju ári deyr nærri tvær milljónir manna vegna loftmengunar innanhúss, það má rekja til þess að matseld fer fram yfir opnum eldi en ekki með nútíma eldavélum.

Í Ársskýrslu um þróun lífsskjara (Human Development Report) frá 2011 er talið að rekja megi helming vannæringar í heiminum ásamt helmingi barnadauða til umhverfistengdra orsaka. Þar er t.d. átt við matarskort, þurrka, flóð og skort á vatni, allt eru þetta þættir sem hætt er við að versni enn frekar með breyttu loftslagi.

Í árslok 2015 varaði Alþjóðabankinn við því að vegna loftslagsbreytinga væri hætta á að yfir 100 milljónir manna lendi aftur í fátækt á næstu 15 árum, fram til 2030.

»Flóð, vatnsskortur, minni matvælaframleiðsla og hækkandi matvæla-verð, vandamál sem nú þegar valda mikilli hungursneyð, eru meðal þeirra afleiðinga sem ógna þróun í mörgum fátækum löndum.«

Tengsl vergrar þjóðarframleiðslu og losunar koltvísýrings



Heimild: Global Footprint Network, www.footprintnetwork.org



»*Ekki hefur náðst sami árangur í fráveitu- og hreinlætismálum og varðandi drykkjarvatn.*«

ÁHRIF LOFTSLAGSBREYTINGA Á ÞRÓUNINA Í HEIMINUM

- Flóð. Hlýnun loftslags leiðir til hækkunar sjávarstöðu, en henni fylgja flóð. Meira að segja gætu sum ríki, t.d. Maldíveymar, hreinlega horfið undir yfirborð sjávar.
- Vatnsskortur. Hop jökla leiðir ekki bara til hærri sjávarstöðu heldur mun það einnig auka skort á hreinu drykkjarvatni.
- Samdráttur í matvælaframleiðslu. Hlýnun loftslags hefur áhrif á magn regnvatns, hitastig og aðgang landbúnaðar að vatni. Það hefur áhrif á matvælaframboð í fátækum löndum. Samkvæmt sumum útreikningum gæti hækkun hitastigs leitt til 25 prósent minni uppskeru í Afríku sunnan Sahara. Uppspera tiltekinna nytjajurta getur dregist saman um allt að 50 prósent.
- Heilbrigðisvá. Með hlýnandi loftslagi eykst hætta á að sjúkdómar breiðist út til nýrra svæða. Hætta er á að mörg hundruð milljónir manna smitist af malaríu, sjúkdómi sem nú þegar dregur rúmlega milljón manna til dauða á hverju ári.
- Hrun vistkerfa. Líffræðilegri fjölbreytni er ógnað og margar tegundir eru í útrýmingarhættu, bæði á landi og í heimshöfunum. Nú þegar hefur um það bil helmingur kóralrífa heimsins orðið fyrir svokallaðri fölnun vegna hækkunar hitastigs hafsinns.

Vatn og hreinlætisaðstaða

Fyrsta þúsaldarmarkmiðið sem náðist var að lækka um helming hlutfall jarðarbúa sem ekki hafa aðgang að hreinu drykkjarvatni. Markmiðinu var náð þegar árið 2010. Í dag er reiknað með að 91 prósent jarðarbúa hafi aðgang að öruggu drykkjarvatni miðað við 76 prósent árið 1990. Það þýðir að nú hafa 2,6 milljörðum fleiri aðgang að hreinu vatni.

Hreint vatn, fráveitukerfi og salernisaðstaða eru afgerandi þættir í heilbrigðismálum. Skortur á heilnæmum vatns- og fráveitulausnum stuðlar

að útbreiðslu á bakteríum og smiti sem veldur dauða milljóna á hverju ári. Þetta er oft mikilvæg forsenda annarra aðgerða á heilbrigðisviði.

Ekki hefur náðst sami árangur í fráveitu- og hreinlætismálum og varðandi drykkjarvatn. Þrátt fyrir að yfir tveir milljarðar manna hafi nú einhvers konar eigin salernisaðstöðu eða í félagi við aðra, lifa enn 2,4 milljarðar manna án salernis- og fráveituaðstöðu. Flestir þeirra, næstum tveir milljarðar manna, hafa alls engan aðgang að salerni.

Misskipting eykst og minnkar

Ástandið í dag	<ul style="list-style-type: none">• Eignum og tekjum er gríðarlega misskipt í heiminum.• Samkvæmt Oxfam-samtökunum er helmingur allra eigna heimsins í eigu eins prósentis jarðarbúa.
Hvert stefnir? →	<ul style="list-style-type: none">• Erfitt er að mæla auðæfi heimsins á sanngjarnan hátt, því er erfitt að segja til um hvort misskipting auðs fari vaxandi eða minnkandi.• Misskipting í heiminum hefur, samkvæmt ákveðnum mælistikum, minnkað frá árinu 2000. Þetta er fyrst og fremst vegna hraðrar þróunar í Kína.• Aðrar mælistikur segja að misskipting sé mikil og hún hafi lítið breyst.



Heimurinn er óréttlátur staður. Möguleikar á velgengni í lífinu, já bara að ná fullorðinsaldri, eru mjög háðir því hvar og hvenær þú fæðist og hverjir foreldrar þínir eru. Þó örlogin ráði vissulega ekki lífi þínu, eru forsendur þeirra sem fæðast í dag aðrar en þeirra sem fæddust á 19. öld, á sama hátt eru forsendur þeirra sem fæðast einhversstaðar á Norðurlöndum aðrar en þeirra sem fæðast úti í sveit í Suður-Afganistan. Staða foreldra þinna, tekjur þeirra og bakgrunnur hefur einnig áhrif á tækifæri þín í lífinu, mismikil milli landa en þetta skiptir máli hvar sem þú átt heima. Hafa þessir þættir eitthvað að segja og er hægt að mæla mismuninn og segja eitthvað um hvort hann eykst eða minnkar?

Eykst misskiptingin eða minnkar?

Allir eru sammála um að eignum og tekjum heimsins er misskipt. En hvort misskiptingin fer vaxandi eða minnkandi og nákvæmlega hversu mikil hún er, fer eftir því hvað er mælt, hvernig er mælt og hverjir eru mældir. Það er gríðarlega flókið verkefni að meta mun á rúmlega sjö milljörðum jarðarbúa.

Niðurstöðurnar fara eftir því hvaða viðmið eru notuð. Venjulega þarf að beita fleiri en einni mæliaðferð til að skilja raunveruleikann í heild og oft stangast niðurstöðurnar á. Allar tilraunir til að nota aðeins eitt viðmið til að ná utan um hnattrænan ójöfnuð eru dæmdar til að misheppnast.

Tekjur eða eignir

Samkvæmt skýrslu bresku samtakanna Oxfam um eignir í heiminum, á ríkasti hundraðshluttinn af íbúum jarðarinnar *næstum því helming eigna* í heiminum og hinn helmingurinn er þá í eigu 99 prósentu jarðarbúa. Í dag eiga *áttatíu ríkustu einstaklingarnir* jafnmikið og helmingur jarðarbúa.³⁰

Enginn vafi leikur á því að eignum heimsins er gríðarlega misskipt, og ef þetta viðmið er notað til mælinga virðast auðæfi jarðar í æ ríkari mæli safnast á hendur færri og færri einstaklinga. En það er erfitt, nánast ógerlegt, að mæla eignir heimilanna. Alla vega af einhverri nákvæmni.

Að margra mati er mikilvægara að mæla tekjur til að öðlast betri skilning á umfangi misskiptingarinnar. Tekjur er líka hægt að mæla á mismunandi hátt.

Munur milli landa eða einstaklinga?

Einfaldasta mæliaðferðin er að bera saman eignir landanna. Það segir að vísu mjög lítið um lífskjör fólksins í löndunum - en það segir þó eitthvað um stærð hagkerfa landanna. Til að komast nær fólkinu eru meðaltekjur oft bornar saman.

Samkvæmt þeirri mæliaðferð jókst misskipting milli landanna frá því um miðja 20. öld fram til ársins 2000 en þá fór aftur að draga úr muninum (sjá þróun A á bls. 80). Það er einkum hagvöxtur í Kína og annars staðar í Austur-Asíu sem þar liggur að baki.

Gallinn við að bera einungis saman meðaltekjur er að þá hefur íbúafjöldi landanna engin áhrif á niðurstöðurnar. Eistland hefur t.d. sama vægi og Bandaríkin. Ef meta á misskiptingu í heiminum er líka nauðsynlegt að vita hve margir búa í hverju landi.

Ef tekið er tillit til íbúafjölda í löndunum lítur þróunin öðruvísi út, þá hefur dregið úr ójöfnuði á heimsvísu frá sjötta áratug síðustu aldar, með vaxandi hraða frá árinu 2000. Samkvæmt þessari mæliaðferð hefur því verið meiri ójöfnuður í heiminum en fyrri mæliaðferðin benti til, því fátæku löndin hafa ávallt verið fjölmennari (sjá þróun B á bls. 80).

Með þriðju mæliaðferðinni eru ekki bara bornar saman meðaltekjur einstaklinga í löndum heimsins, heldur er einnig reynt að taka tillit til tekjuskiptingar *innanlands*. Þannig er mæld

³⁰⁾ Þessar tölur koma frá *Global Wealth Report*, frá svissneska bankanum Credit Suisse.



Ljósmynd: UN Photo / Albert González Farrán

Kosninganefnd í Súdan heldur vinnu-
stofu fyrir fréttamenn á svæðinu.

hnattræn misskipting milli einstaklinga en ekki ríkja. Samkvæmt henni er ójöfnuður í heiminum enn meiri en samkvæmt báðum fyrrnefndu aðferðunum, og staðan hefur lítið breyst undanfarin 30 ár (sjá þróun C hér á eftir). Niðurstöðurnar fara eftir því hvað mælt er.

Upphæðir eða hlutfallslegur munur?


Það skiptir einnig miklu máli hvernig munurinn er metinn. Að mæla tekjumun í hlutfallstölum³¹ eða upphæðum³² gefur oft mjög ólíkar myndir. Hér sigla umræðurnar venjulega í strand, hver er rétta mæliaðferðin? Í þessari bók er því haldið fram að nauðsynlegt sé að nota báðar mæliaðferðirnar, enda varpa þær oft ljósi á ólíka hluti.

Það er mikilvægt að mæla hlutfallslegan mun til að skilja hvert stefnir. Þá er til dæmis hægt að

bera saman ríkustu 10 prósentin og fátækustu 10 prósentin til að sjá hvernig munurinn breytist yfir tíma. Samkvæmt þessari mæliaðferð breikkar bilið hratt í heiminum. En ef við veljum að bera saman fátækustu 50 prósentin og ríkustu 50 prósentin verður niðurstaðan önnur.

Algengasta viðmiðið um ójöfnuð er kallað GINI-stuðullinn. Hann mælir muninn milli allra tekjuhópa samtímis. Ef GINI-stuðullinn er 0 hafa allir nákvæmlega jafn miklar tekjur. Ef GINI-stuðullinn er 1 hefur einn einstaklingur allar tekjurnar. Öll lönd eru einhversstaðar þarna á milli. GINI-stuðullinn er heldur ekki fullkomin aðferð til að mæla mismun. Hann getur falið mikinn mismun. Ef tekjuhóparnir í miðjunni stækka getur virst sem dragi úr misskiptingu fyrir alla íbúa landsins þó þeir allra fátækustu dragist

Hnattrænn ójöfnuður mældur með þremur aðferðum



Munur á meðaltekjum milli landa (GINI):

A: Án tillits til íbúafjölda. **B:** Tillit tekið til íbúafjölda.

C: Tillit tekið til íbúafjölda og skiptingar í hverju landi fyrir sig.

Það sem mælt er hefur áhrif á þróunina. Allar mæliaðferðirnar eiga það sameiginlegt að hnattrænn ójöfnuður er meiri en í hverju landi fyrir sig. Í öllum löndunum er GINI-gildið lægra en fyrir allan heiminn.

³¹⁾ Til dæmis hversu mörgum sinnum ríkari þeir ríkustu eru miðað við þá sem fátækastir eru, hlutdeild þeirra fátækustu í heildartekjum eða GINI.

³²⁾ Raunverulegur munur í evrum og centum.


»Ríkasti hundraðshlutinn af íbúum jarðarinnar á næstum því helming eigna í heiminum og hinn helmingurinn er þá í eigu 99 prósentu jarðarbúa.«

enn lengra aftur úr. Og reyndar hefur tekju-skiptingin breyst á þennan veg undanfarin ár (sjá mynd hér fyrir neðan).

Tekjur millitekjuhópsins hafa hækkað hlutfallslega mest (eins og tekjur ríkasta hlutans). Þetta bætir GINI-stuðulinn en um leið dragast þeir aftur úr sem minnstar hafa tekjurnar.

Ef tekjur allra hópanna breytast jafnmikið hlutfallslega, helst GINI-viðmiðið óbreytt. En ef munurinn yrði mældur í evrum og krónum, gefur myndin hér fyrir neðan til kynna að mis-skiptingin hafi aukist gífurlega. Ef hlutfallsleg breyting allra tekjuhópa væri sú sama, myndi GINI-gildið og hlutfallsleg tekjudreifing

Tekjur millitekjuhópa hafa aukist hraðast



Heimild: Milanovic (2013), Alþjóðabankinn

»Hættan á að láta lífið vegna þungunar er næstum 400 sinnum meiri í Angóla en í Svíþjóð.«

vissulega ekkert breytast. En ríkara fólkið myndi þá auka forskot sitt, talið í evrum og krónum. En þetta hefur einmitt gerst í flestum löndum heimsins (sjá samanburð í rammagrein). Báðar reikningsaðferðirnar eru mikilvægar og varpa ljósi á mismunandi þætti.

Misskipting mælist ekki bara í efnahagsþáttum

Að vanda er ekki nóg að líta á efnahagsstærðir til að ná utan um misskiptingu í heiminum. Enn er mikill munur á heilbrigðisástandi.

Ójöfnuður í heilbrigðismálum og menntun

og ójöfnuður í tekjum fylgjast langoftast að. Börn frá fátækum heimilum eru í meiri hættu á að deyja ung, eða missa mikilvæg ár úr skóla vegna sjúkdóma.

Ef miðað er við heilbrigðismál er misskiptingin í heiminum að sumu leyti meiri en efnahagsleg misskipting.

Hættan á að láta lífið vegna þungunar er næstum 400 sinnum meiri í landi á borð við Angóla en í Svíþjóð og fyrir börn er hættan á að deyja fyrir fimm ára aldur 50 sinnum meiri.

Þróun í átt að minni ójöfnuði er þó nokkru hraðari á heilbrigðissviði en tekjusviði.

MISSKIPTING MÆLD MEÐ ÓLÍKUM AÐFERÐUM

	Dánartíðni barna	Dánartíðni mæðra (áhætta)*	VÞF á hvern íbúa**	Meðalævilengd
Lágtekjulönd	7,6%	2,50%	1.600	61
Hátekjulönd	0,46%	0,01%	46.131	81
Mismunur	16x	250x	29x	20 ár
Angóla	15,7%	3,13%	6.470	52
Svíþjóð	0,3%	0,01%	48.700	83
Mismunur	52x	403x	8x	31 ár

Heimild: World Development Indicators, Alþjóðabankinn.

* Dánartíðni mæðra sýnir hættu kvenna á að deyja í tengslum við meðgöngu og barnsburð.

** VÞF á hvern íbúa leiðrétt í samræmi við kaupmátt í dólum.

DÆMI: DREGUR SAMAN EÐA Í SUNDUR?

Hugsíð ykkur þrjú lönd: Land A er fátækast með 1500 dali á hvern íbúa. A hefur þó vaxið um 5% á ári síðan 2006. Land C er ríkast með 40.000 dali á hvern íbúa. C hefur aðeins vaxið um 2,8% á ári. Þó hefur VÞF í C hækkað um 8.000 dali á hvern íbúa, en A hefur einungis fengið um 500 dölum meira á hvern íbúa á ári.

Þar sem þróunin er hraðari í A mun það á endanum ná C þó það taki sinn tíma. Og raunverulegur munur mældur í fjárhæðum mun halda áfram að aukast. Í þessu tilviki munu líða 130 ár áður en draga fer úr mismuninum.

Í landinu B er þróunin enn hraðari og upphafsstaðan betri. B er þegar með 10.000 dali á hvern íbúa. Fyrir landið B mun það taka 15 ár áður en það fer að draga á C, einnig í fjárhæðum talið, og árið 2050 mun B fara að nálgast.

Það þýðir að hlutfallslega stefnir þróunin í átt til jöfnuðar meðan munurinn mældur í fjárhæðum heldur áfram að aukast - eða með öðrum orðum - til lengri tíma litið er um við á leið til meiri jöfnuðar, jafnvel þótt raunverulegur munur haldi áfram að aukast lengi enn.

Ójöfnuður í heiminum bæði eykst og minnkar á sama tíma.


Skýring:

Land A svarar til lágtekjurlanda í dag. Land B svarar til milltekjurlanda og land C samsvarar hátekjulöndum.


Land C er núna fjórum sinnum ríkara en land B en miðað við núverandi vöxt mun B ná því innan 50 ára.

En þrátt fyrir að vöxturinn í landi A sé hraðari en í C heldur raunverulegur munur áfram að aukast.


VÞF á íbúa



Árleg hagvaxtaraukning



Framtíðarþróun með núverandi hagvaxtarhraða



A close-up photograph of two young children sitting at a wooden desk. The child on the left is a young boy with dark skin and short hair, wearing a yellow shirt, looking towards the left. The child on the right is a young girl with dark skin, wearing a light green shirt, smiling broadly and looking towards the left. Her hand is resting on the desk. The background is slightly blurred, showing a wooden desk and a blue wall.

**Fjórti kafli:
Framtíðin kallar
á aðgerðir**



Harar, Etiópia. Ljósmynd: UN Photo / Eskinder Dibebe



Ljosmynd, UN Photo / Isaac Billy

Sjálfbær fram tíð

Með heimsmarkmiðunum hefur heimurinn sett sér markmið um hvernig heimurinn eigi að vera árið 2030. Markmiðin byggja á núverandi þörfum og þörfum mörg ár fram í tímann. Þau verða að byggja á því sem við getum áætlað um ástandið í heiminum árið 2030 og framvegis til að gera áætlanir um og framkvæma réttar aðgerðir á réttum stöðum.

Til að gera það þurfum við að greina á milli skoðana og staðreynda, þess sem við vitum og þess sem við þykjumst vita eða höldum.³³ Ef við göngum út frá því að til sé hlutlægur veruleiki sem er hægt eða ætti að vera hægt að mæla, um það eru flestir sammála í dag, er umræðan um sjálfbæra þróun ef til vill skýrasta dæmið um það þegar vísindi og pólitísk umræða eru ekki eins samstiga og æskilegt væri.

Tökum loftslagsbreytingar sem dæmi. Það er löngu vitað að styrkur koltvísýrings í andrúmsloftinu hefur aukist. Fyrir meira en 50 árum síðan setti framsýnn vísindamaður að nafni Charles D. Keeling upp mælistöð uppi á fjallstoppi á Hawaií, langt úti í Kyrrahafinu, til að lágmarka áhrif mannegrar starfsemi á niðurstöður mælinganna. Alla tíð síðan höfum við fengið mánaðarlegar niðurstöður um styrk koltvísýrings í andrúmsloftinu.

Allt frá árinu 1958, þegar Keeling hóf mælingar sínar, hefur styrkur koltvísýrings hækkað úr 320 ppm³⁴ í 400 ppm.

Fyrir iðnbyltinguna var styrkurinn 280 ppm. Jarðfræðirannsóknir hafa sýnt að styrkurinn hefur sennilega ekki verið svona mikill í þrjár milljónir ára, kannski ekki frá ólígösen-skeiðinu, en því lauk fyrir 23 milljónum ára.

Við höfum einnig lengi þekkt til tengsla milli styrks CO₂ í andrúmsloftinu og hitastigs á jörðinni. Það var Svante Arrhenius, fyrsti sænski Nóbelsverðlaunahafinn, sem uppgötvaði þessi tengsl í lok 19. aldar og þetta hafa vísindamenn seinni tíma staðfest á fræðilegan jafnt sem raunhæfan hátt.

Þrátt fyrir yfirgnæfandi gagnamagn um að hækkan meðalhita jarðar sé af völdum vaxandi gróðurhúsaáhrifa af manna völdum, og þrátt fyrir að allt bendi til að afleiðingar hlýnunar jarðar verði gríðarlegar, var það ekki fyrr en undir lok ársins 2015 að samkomulag náðist á heimsvísu um að sporna gegn hlýnuninni.

Losun og styrkur koltvísýrings í andrúmsloftinu fer stöðugt vaxandi. Það sama á við um meðalhitastig á jörðinni. Hlýnun jarðar er bara eitt þeirra sviða sem hagræðing og þróun undanfarinna 200 ára hefur haft neikvæð áhrif á, séð frá vistfræðilegu sjónarhorni.

³³ Í upphafi þessarar bókar er fjallað um hve auðveldlega fyrirfram myndaðar og rangar hugmyndir um heiminn stjórna umræðum og heimsmynd.

³⁴ PPM, parts per million (milljónustuhlutar)



Benteji (Súðen uppáker, hundagrás, sorghum) af fráejum frá verkefni á vegum Matvæla- og landbúnaðarstofnunar SP

Alþjóðlegi loftslagssamningurinn í París 2015

Eftir margra ára samningaviðræður og alþjóðlegan þrýsting, komust lönd heimsins loks að samkomulagi um loftslagsmál í árslok árið 2015.

Samningurinn öðlaðist gildi árið 2016 og árið 2020 byrjar að draga úr losun. Í samningnum felst sameiginleg skuldbinding um að meðalhitastig jarðar megi ekki hækka um meira en tvær gráður miðað við tímann áður en hlýnun af völdum

iðnvæðingar hófst. Markmiðið er þó að takmarka hlýnunina við 1,5 gráður á selsíus að hámarki.

Flestir líta á það sem stóran áfanga að hnatt-rænt samkomulagi hafi yfirleitt náðst, þó einnig hafi komið fram nokkur gagnrýni á að ekki skuli gengið lengra í að draga úr losun. Með samkomulaginu er því einnig slegið föstu að verja eigi í það minnsta 100 milljörðum dala á ári til sameiginlegrar fjármögnunar breytinganna.

Hvernig viljum við að heimurinn verði?

Hvað vitum við um framtíðina? Í þessari bók er bent á fjölda ólíkra sviða þar sem árangur hefur náðst. Gert er ráð fyrir að jákvæð þróun haldi áfram á flestum þessara sviða. Sumt er eingöngu jákvætt - það eru engar skuggahliðar á því að dánartíðni barna fari lækkandi. Það er alltaf gott. En flestum breytingum sem verða á jörðinni fylgja bæði jákvæðar og neikvæðar hliðar.

Það þýðir ekki að við eigum að stöðva félagslega og efnahagslega þróun í Kína eða á Indlandi (eins og það væri hægt) og hætta þannig á að kasta barninu út með baðvatninu, en við verðum að bera kennsl á hindranir á þeirri leið. Hér á eftir eru taldar nokkrar helstu áskoranirnar sem við munum trúlega mæta á næstu árum. Flestar þeirra eru meira eða minna óhjálpslegar.

Jarðarbúum fjölgar

Síðustu 200 ár hefur íbúum jarðar fjölgað hraðar en áður. Í byrjun 21. aldar tók það jarðarbúa ekki nema 12 ár að fjölga úr sex í sjö milljarða. En nú hefur dregið nokkuð úr hraðanum. Mannfjöldaspár fela auðvitað í sér einhverja óvissu, en að mati Mannfjöldastofnunar Sameinuðu þjóðanna eru 95% líkur á því að að árið 2030 verðum við orðin milli 8,4 og 8,6 milljarðar og árið 2050 næstum því 10 milljarðar.

Ástæða þess að hægt hefur á íbúafjölguninni er að tekist hefur á undraskömmum tíma að fækka barnsfæðingum í næstum öllum löndum heims. Viðmiðið sem notað er kallast heildarfæðingartíðni (Total Fertility Rate, TFR) en með því er mældur fjöldi fæðinga á hverja konu.

Ef íbúafjöldi jarðar á að haldast óbreyttur má hver kona ekki eignast fleiri en 2,33 börn³⁵. Árið 1960 voru einungis tíu lönd í heiminum þar sem barnsfæðingar voru svo fáar. Í dag eru flest lönd heimsins undir þessu marki, og í sjö af hverjum tíu löndum eignast hver kona að meðaltali færri en þrjú börn.

Þessi þróun, að barnsfæðingum í heiminum hefur fækkað um helming frá því á sjöunda áratugnum, felur í sér miklar breytingar á manlegu lífi. Þróunin er fyrst og fremst afrakstur félags- og efnahagslegrar þróunar sem hefur bætt lífskjör hjá mörgum fjölskyldum en fyrst og fremst bjargað lífi margra barna.

Margir munu búa í Afríku

Eini heimshlutinn þar sem barnsfæðingum hefur ekki fækkað jafn hratt er Afríka sunnan Sahara. Þó það sé mikill munur innan heimshlutans - allt frá sjö börnum á hverja konu í Malí og Níger til færri en tveggja barna á hverja konu í Míritíus og á Grænhöfðaeyjum - þá er fæðingartíðni enn há í flestum löndum, að meðaltali fimm börn á hverja konu.

Samkvæmt þessu munu 3,2 milljarðar af þeirri 3,8 milljarða fjölgun sem gert er ráð fyrir að hafi orðið árið 2100 verða í Afríku. Þó er rétt að benda á að í spám fyrir Afríku er óvissan hvað mest. Ef börnum á hverja konu fækkar hratt næstu áratugi mun það hafa margföld áhrif til lengri tíma.

En Afríka verður ekki eins fátæk og í dag

Það þarf þó ekki að þýða að þessir þrjú milljarðar í auknum íbúafjölda muni sjálfkrafa fæðast til fátækta. Markmiðið er að uppræta örbirgð fyrir árið 2030 og 2060 er gert ráð fyrir að verg þjóðarframleiðsla (VÞF) á hvern íbúa³⁶ í Afríku sunnan Sahara hafi meira en fjórfaldast, þá verður svæðið álíka ríkt og Rómanska-Ameríka er í dag. Í mörgum löndum á svæðinu er hagvöxtur hraður og heilbrigðistölur fara ört batnandi, en á því sviði hefur staðan verið slæm.

Flestir munu búa í borgum

Í dag býr rúmlega helmingur jarðarbúa í borgum. Næstu 50 árin er gert ráð fyrir að hlutdeildin aukist í 70 prósent³⁷. Það þýðir að væntanleg

³⁵ Svokallað Replacement Level.

³⁶ If Forecast og AGS.

³⁷ Frjósemispá IF.

íbúafölgun verður öll í borgum. Það er í sjálfu sér ekki neikvæð þróun, dánartíðni barna er lægri í borgum, meðalævilengd er meiri og þar eru möguleikar á heilbrigðisþjónustu, menntun og atvinnu betri. En það krefst þess að unnt sé að skipuleggja og stækka skilvirkar og umhverfisvænar borgir á sama hraða.

Við munum lifa lengur

Meðalævilengd, sem nú hefur aukist í 72 ár á hnattvísu, mun halda áfram að aukast og verður komin í u.þ.b. 77 ár um miðja öldina og u.þ.b. 83 ár um 2100³⁸.

Tækni mun halda áfram að þróast á auknum hraða

Ekkert bendir til að draga muni úr hraða tækniþróunar. Þvert á móti þýðir þróunin í dag að margfalt fleiri sporgöngumenn Thomasar Edison, Steve Jobs eða Arianna Huffington og Marie Curie eiga eftir að koma fram á sjónarsviðið. Bæði er það vegna þess að okkur fjölgar og að í kjölfar þess að löndin verða ríkari munu menntun og rannsóknir eflast, og eins vegna þess að hugmyndir og nýsköpun breiðast hraðar og auðveldar út en áður, en ekki síst vegna þess að tækifærum kvenna til að taka þátt í samkeppninni mun fjölga.

Færri fátækir og fleiri ríkir

En aðalbreytingin, sú sem mun hafa áhrif á lífskjör á jörðinni á öllum sviðum, er gríðarleg tekjuaukning um allan heim. Gert er ráð fyrir að fleiri og fleiri lönd nálgist og fari fram úr því tekjustigi sem er í norrænu löndunum í dag.

Áætlað er að tekjuaukning í öllum löndum heimsins muni í það minnsta þrefaldast á hvern íbúa. Í stórum dráttum má lýsa því eins og að fara úr stöðunni eins og hún er á Srí Lanka eða

í Egyptalandi í dag yfir í stöðuna í Portúgal eða á Spáni, mælt í VPF.

Þegar kjör milljarða manna taka slíkum breytingum á sama tíma mun það hafa miklar afleiðingar. Aukinn hagvöxtur veldur miklum lífshagsbreytingum. Með auknum tekjum höfum við lífi okkar öðruvísi. Neysla eykst, við borðum meira og öðruvísi, við ferðumst meira og lengra, húsnæði okkar stækkar, við notum meiri orku, við flytjum meira inn frá öðrum löndum.

Veltu fyrir þér muninum á Íslandi í dag og í lok seinni heimsstyrjaldarinnar. Gert er ráð fyrir sömu tekjuaukningu, eða meiri, að meðaltali í heiminum næstu 50 ár.

Meira álag en nokkurn tíma fyrr?

Ómögulegt er að meta heildaráhrif breytinganna. Það munu verða breytingar á öllum stigum. Forsendur hafa einnig breyst svo mikið að mannkynið hefur aldrei áður upplifað annað eins.

Þegar í dag eru áhrif á vistkerfin meiri en áður og samkvæmt rannsóknum á *Stockholm Resilience Centre* erum við nú komin hættulega nálægt þölmörkum jarðarinnar³⁹.


Á sama hátt og efnahagslífið hefur verið drifkraftur félagslegra framfara, hefur það einnig verið drifkrafturinn í að skapa álagið sem við leggjum á jörðina í dag. Aðferðirnar sem við höfum fram að þessu notað til að ná þeirri þróun sem fjallað er um í þessari bók hafa einnig kostað sitt.

Efnahagsleg þróun sem byggir á jarðefnaeldsneyti hefur nú þegar haft áhrif á ýmsar grundvallarforsendur mannlífsins. Og það leikur enginn vafi á því að það eru ríkustu löndin em hafa fram að þessu staðið að baki stærstu áhrifanna á loftslag á jörðinni. Tengslin milli efnahagssumsvifa og áhrifa á ástand jarðar eru oft skýr. Því hærrí tekjur sem tiltekið land hefur,

³⁸) UN DESA (Efnahags- og félagsmáladeild Sameinuðu þjóðanna)

³⁹) Sjá nánar um þölmörk jarðarinnar (Planetary Boundaries), hugtak sem var þróað af víðtæku tengslaneti alþjóðlegra vísindamanna undir forystu Stockholm Resilience Center: www.stockholmresilience.org

Lífskjör og sjálfbær þróun



Heimild: Global Footprint Network, www.footprintnetwork.org

SKÝRINGAR VIÐ MYNDRIT

Á myndritinu birtist þróun á láréttum ás og umhverfisáhrif á lóðréttum. Áhrif landanna á vistkerfi jarðar aukast samfara því að þau verða ríkari. Sögulega sambandið er skýrt. Þegar löndin nálgast „góð lífskjör“ stækkar vistspor á mann og fer upp fyrir það stig sem heimurinn að meðaltali ræður við.

Eins og kemur fram í þessari bók stefnir í hækkandi tekjur og aukna þróun lífskjara. Ástandið fer batnandi í sífellt fleiri löndum og þau færast lengra til hægri á myndinni. Til að þróunin verði sjálfbær verður hún að haldast innan þolmarka jarðarinnar. Það er einungis neðra hornið hægra megin sem segja má að sé sjálfbært. Það sem er fyrir ofan hvíta strikið er ekki sjálfbært, en það sem er langt til vinstri er það ekki heldur.



Leiðtogar heimsins hafa skuldbundið sig til að vinna að 17 heimsmarkmiðum til uppfylla fjögur stórfengleg markmið fyrir árið 2030. **Að útrýma örbirgð.** **Að draga úr ójöfnuði í heiminum.** **Að leysa loftslagsvandann.** **Að stuðla að friði og réttlæti.** Með heimsmarkmiðunum um sjálfbæra þróun getur það tekist. Í öllum löndum. Fyrir alla.

»Og það leikur enginn vafi á því að það eru ríkustu löndin sem hafa fram að þessu stadið að baki stærstu áhrifanna á loftslag á jörðinni.«

Því meiri gróðurhúsalofttegundir losar það í andrúmsloftið.

Þannig hefur það verið hingað til, en það þarf ekki að vera svona. Dregið hefur úr þessu sambandi undanfarin ár og breytingar í átt frá jarðefnaorku eru hafnar. Afkastageta sjálfbærra orkulinda á borð við, sólar-, vind- og vatnsorku eykst hratt og verðið lækkar. Hingað til hefur þó hagvöxtur á hnattvísu aukist hraðar en þessi þróun og því hafa heildaráhrif og heildarlosun aukist.

Með heimsmarkmiðunum um sjálfbæra þróun erum við komin með framkvæmdaáætlun um sjálfbæra þróun. Þú getur lesið meira um markmiðin í öðrum kafla þessarar bókar.

Hvað getur þú gert?

Að útrýma örbirgð. Að draga úr ójöfnuði í heiminum. Að leysa loftslagsvandann. Að stuðla að friði og réttlæti. Heimsmarkmiðin eru metnaðarfull, algild og samþætt markmið sem munu krefjast samstillts átaks ríkisstjórna, alþjóðlegra stofnana og annarra aðila um allan heim. Þetta virðist stórt í sniðum og flókið. Hvað getur þú sem einstaklingur þá gert? Margt! Ef markmiðin eiga að nást fyrir 2030 þurfa allir að leggja eitt-hvað af mörkum. Sem betur fer er margt auðvelt sem við getum gert í daglegu lífi, ef við gerum það öll mun það skipta miklu máli.

- 1) „Deila“ en ekki bara „læka“. Ef þú sérð áhugaverða færslu á samfélagsmiðlum, t.d. um réttindi kvenna eða loftslagsbreytingar, deildu henni með vinum þínum.
- 2) Láttu í þér heyr! Gerðu kröfur til stjórnvalda á þínu svæði eða í þínu landi og farðu fram á að þau taki þátt í og styðji við verkefni sem skaða ekki jörðina og fólkid sem byggir hana.
- 3) Slökktu ljósið. Sjónvarpið og tölvan skapa þægilega birtu, slökktu því annað ljós og lampa þegar þú þarft ekki á því að halda.
- 4) Fylgstu með. Fylgstu með fréttum af þínu svæði og um allan heim og heimsmarkmiðunum á slóðinni globalamalen.se og facebook.se/globalamalen.
- 5) Borðu minna kjöt og fisk. Það kostar fleiri náttúru-auðlindir að framleiða kjöt en jurtir.
- 6) Flokkaðu pappír, plast, gler og málma. Það dregur úr vandanum við vaxandi ruslahauga og auðveldar endurvinnslu.
- 7) Gefðu það sem þú notar ekki. Góðgerðarsamtök geta veitt fötunum sem þú notar ekki lengur, bókum eða húsgögnum nýtt líf einhvers staðar annars staðar.
- 8) Hjólaðu, farðu gangandi eða notaðu almennings-samgöngur. Notaðu bara bilinn þegar það er nauðsynlegt.
- 9) Endurnýttu vatnsflöskuna og kaffibollann. Fleygðu minna, um leið og þú sparar peninga þegar þú kaupir þér kaffi eða drekkur vatn.
- 10) Hafðu með þér poka þegar þú verslar. Slepptu plast-pokanum, hafðu frekar með þér endurnýtanlegan kassa.

Þetta eru bara örfá dæmi um það sem þú getur gert. Skoðu heimasíðuna [UNDP globalamalen.se](http://UNDP.globalamalen.se) og fáðu góðar hugmyndir að öðrum hlutum sem þú getur gert.

Deildu reynslu þinni og fylgstu með umræðum á samfélagsmiðlum á [#globalgoals](https://twitter.com/globalgoals), [#globalgoals](https://www.facebook.com/globalgoals), [#globalgoals](https://www.instagram.com/globalgoals) og [#sdgs](https://www.youtube.com/channel/UC8G00000000000000000000).

Meira um þróun í heiminum

Það eru margar leiðir til að fylgjast með þróun í heiminum. M.a. er UNDP með nokkrar vefsíður og skýrslur þar sem þú getur fundið **frekari upplýsingar um ástandið í heiminum** og heimsmarkmiðin um sjálfbæra þróun.

Heimsmarkmiðin á netinu

Á vefslóðunum www.globalamalen.se, www.globalgoals.org, www.heimsmarkmidin.is og www.un.is getur þú fundið upplýsingar um heimsmarkmiðin og hvað þú getur gert til að markmiðin náist fyrir 2030. Á vefnum heimsmarkmidin.is má fylgjast með stefnu og aðgerðum íslenskra yfirvalda þegar kemur að heimsmarkmiðinum. Fésbók: Heimsmarkmiðin

Fyrir skólana

Á www.globalamalen.se/skola getur þú fundið æfingar og góðar hugmyndir fyrir grunnskóla og framhaldsskóla. Æfingarnar eru teknar saman af Heimsskólanum (Den globala skolan), sem er verkefni á vegum Háskólaráðsins (Universitets- och högskolerådet, UHR). Einnig má nálgast kennslufni tengt heimsmarkmiðunum á: www.worldlargestlesson.globalgoals.org. Íslenskt kennslufni tengt bókinni Verður heimurinn betri? og heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna má nálgast á skólavef Félags Sameinuðu þjóðanna á Íslandi, www.un.is/skolavefur.

Verður heimurinn betri? á netinu

Efni þessarar bókar er einnig að finna á vef Menntamálstofnunar www.mms.is og vef Félags Sameinuðu þjóðanna á Íslandi www.un.is. Einnig má nálgast sænska útgáfu bókarinnar á www.globalamalen.se/blirvarldenbättre/.

UNDP á Netinu og samfélagsmiðlum

UNDP er Þróunaráætlun Sameinuðu þjóðanna og starfar í 170 löndum og svæðum til að finna í samstarfi við löndin hugmyndir að því hvernig efla má lýðræði, útrýma fátækt, ójöfnuði og útskúfun. Nánari upplýsingar um UNDP má nálgast á www.se.undp.org.

Fylgstu með UNDP á samfélagsmiðlum:
Twitter: @UNDP_Sweden
Fésbók: UNDP Svíþjóð og heimsmarkmiðin
Instagram: undpnordic

Heimsskólinn (Den globala skolan)

Áætlun háskólaráðsins „Den globala skolan“ skipuleggur endurmenntun fyrir skólafólk í Svíþjóð með upplýsingum um sjálfbæra þróun. Sjá nánar á slóðinni: www.denglobalaskolan.se.

Ársskýrsla um þróun lífskjara

Human Development Report er þróunarskýrsla UNDP um lífskjaraþróun sem kemur út einu sinni á ári. Þar er að finna ókjör af tölfræði og öðrum upplýsingum um þróun í löndum heimsins. Skýrsluna finnur þú á slóðinni: www.hdr.undp.org.

Globalis.is

Globalis er gagnvirkur heimsatlas þar sem þú getur fengið kort og gröf að eigin óskum. Tilgangur Globalis er að bregða ljósi á hvað er líkt og ólíkt í samfélagi manna.

VERÐUR HEIMURINN BETRI? Svarið ræðst af því hvern þú spyrð og hvað þú kýst að bera saman.

Einhverjir myndu svara því að ástandið í heiminum hafi aldrei verið betra: fleiri og fleiri kunna að lesa og skrifa, hlutfall fátækra lækkar, fleiri hafa aðgang að hreinu vatni og ævilíkur aukast næstum því alls staðar í heiminum.

Aðrir munu svara að óréttlæti hafi aldrei verið meira í heiminum, að munur á þeim fátækustu og ríkustu fari vaxandi, að þróun loftslagsmála sé enn á rangri leið og að stríð og átök skæki heiminn.

Í þessari bók er stuðst við nýjar staðtölur til að lýsa þróun heimsins undanfarna áratugi. Í bókinni er heimsmarkmiðunum um sjálfbæra þróun lýst, en þau marka leiðina að sjálfbærri framtíð bæði fyrir fólk og jörðina sem við lifum á fram til ársins 2030.



*Empowered lives.
Resilient nations.*

UNDP vinnur að þróun lífskjara og starfar í 170 löndum og svæðum. Við tengjum saman lönd með þekkingu, reynslu og fjármagn til að aðstoða fólk við að bæta líf sitt. UNDP samræmir einnig starf að heimsmarkmiðunum um sjálfbæra þróun.

Nánari upplýsingar má nálgast á slóðunum www.undp.se eða www.globalamålen.se.